# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

243. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 16. OKTÓBER 2017





Síðasti dagur Hringborðs norðurslóða – Arctic Circle fór fram í Hörpu í gær en þingið hefur staðið yfir frá því á föstudaginn. Ólafur Ragnar Grímsson sleit þinginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Nauðsynlegt að breyta kosningalögum

**Tillögur að breyttum kosningalögum hafa legið ósnertar í ár. Framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, skráning á meðmælalista og rafræn kjörskrá er meðal þess sem þyrfti að breyta að mati formanns landskjörstjórnar.**

**KOSNINGAR** Nauðsynlegt er að breyta kosningalögum að mati formanns landskjörstjórnar. Breytingatillögur starfshóps um efnið hafa legið óhreyfðar í rúmt ár.

Um helgina dró Íslenska þjóðfylkingin fjóra framboðslista fyrir þingkosningarnar til baka eftir að í ljós kom að fólk á meðmælalistum flokksins kannaðist ekki við að hafa ritað nafn sitt á þá. Annmarkar voru á meðmælalistum hjá fleiri flokkum en þeim var gefinn kostur á að færa þá til betri vegar.

Í ágúst í fyrra skilaði vinnuhópur um endurskoðun kosningalaga drögum að nýju frumvarpi til kosningalaga auk skýrslu um tillögur og vinnu sína. Meðal þess sem lagt var til var að heimilt væri að safna meðmælendum rafrænt.

„Þjóðskrá er nú með kerfi þannig að meðmælendur fá tilkynningu inn á Ísland.is um undirskrift sína. Það sem þetta strandar hins vegar á er að fresturinn er svo stuttur að það næst ekki að koma tilkynningunni til fólks áður en listarnir eru staðfestir af kjörstjórn,“ segir Kristín Edwald, formaður landskjörstjórnar.

Að mati Kristínar myndu breytingatillögurnar gera það að verkum að ólíklegt væri að tilvik, sambærileg þeim sem komu upp nú, gætu endurtekið sig. Þá segir hún algjöra nauðsyn að breytingatillögurnar verði að lögum og það sem fyrst.

„Það sem ég teldi mikilvægast væru breytingar varðandi tímalínu í aðdraganda kosninga og ýmsa fresti. Þá sérstaklega varðandi framboðsfrest og kosningu utan kjörfundar.“

Nú er fyrirkomulagið svo að hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar átta vikum fyrir kjördag þótt framboðslistar liggi ekki fyrir fyrr en fimmtán dögum fyrir kjördag. Eins telur hún brýnt að kjörskrá verði gerð rafræn svo fólk geti kosið hvar sem er innan síns kjördæmis.

„Það átti enginn von á því að kjörtímabilið yrði svona stutt núna og fólk er ekki að hugsa um þetta fyrr en líða fer að kosningum. En þetta eru orðnar afar brýnar breytingar,“ segir Kristín. **– jóe**

## Vill meira blóð



**NEYTENDUR** Húsmóðir í Smáíbúðahverfinu í Reykjavík er ósátt við gervivambir og vill meira blóð í sláturgerðina. „Hér áður fylgdu ¾ lítrar af blóði einu slátri en nú fylgir einn lítri þremur slátrum. Mér finnst það bara fúlt,“ segir Sigríður Hjálmarsdóttir, sem tekur fimm slátur í dag, en tók tuttugu á árum áður þegar hún var húsmóðir á barnmörgu bóndabýli. Hún segir máltíðina kosta rúmar 100 krónur á mann.

Fréttablaðið kannaði verð og vöruúrval í sláturtíðinni sem stendur nú sem hæst. Verð hefur ekki breyst mikið en sláturgerð er í hnignun að mati smásala sem dásamar slátrið. **– aá /** **sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Telma Tómasson skrifar um karla sem áreita. **13**

**SPORT** Dagný Brynjarsdóttir er bandarískur meistari í fótbolta. **16**

**TÍMAMÓT** Aldarfjórðungur síðan Kári seldi frjálst kjöt. **20**

**LÍFIÐ** Hönnuðurinn Erdem Moralioglu segir frá línunni sem hann hannaði í samstarfi við H&M. **28**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- **FÓLK**
- **FASTEIGNIR**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Það er útlit fyrir haustblíðu á landinu í dag. Víða hægur vindur og léttskýjað. Hiti 3 til 8 stig, en svalara að næturlagi. SJÁ SÍÐU 22



**Guðlaugur Þór lét kanna mál Borislavovu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Konsúllinn verður kyrr

**UTANRÍKISMÁL** „Ég hef látið kanna þetta mál innan ráðuneytisins,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra um umdeildan ræðismann Íslands í Búlgaríu sem fjallað var um í Fréttablaðinu 10. og 11. október síðastliðinn. Guðlaugur segir engar skráðar upplýsingar í ráðuneytinu um þau mál sem umfjöllunin laut að.

Í umfjöllun blaðsins kom fram að Tsvetelina Borislavova, sem skipuð var heiðursræðismaður Íslands í Búlgaríu árið 2006 hefur ítrekað verið orðuð við peningaþvætti og skipulagða glæpastarfsemi í fjölmiðlum þar ytra og að sendiherra Bandaríkjanna í Búlgaríu hafi varað bandarísk stjórnvöld við henni í skeytum sem lekið var á vefsíðu Wikileaks árið 2010.

„Ég hef, að svo stöddu, ekki ástæðu til að ætla að hún geti ekki sinnt sínu hlutverki sem ræðismaður okkar í Búlgaríu, enda liggur ekkert fyrir um að hún hafi gerst brotleg við lög,“ segir Guðlaugur.

Hann lætur þess getið að ræðismenn Íslands erlendis séu á þriðja hundrað talsins og mjög mikilvægur hluti af utanríkisþjónustu Íslands. Í nýútkominni skýrslu um utanríkisþjónustu til framtíðar, sem unnin var að hans frumkvæði, hafi verið lagt til að stofnuð yrði sérstök deild í utanríkisráðuneytinu til að styðja við ræðismenn okkar erlendis.

„Þeirri tillögu var þegar hrint í framkvæmd og umsjón þessara mála er því í réttum farvegi að mínu mati, en við fylgjumst vel með framvindunni,“ segir Guðlaugur. **– aá**

## Hans heilagleiki Bartolomeus I., patríarki af Konstanínópel á landinu



**Hans heilagleiki Bartólómeus I. patríarki af Konstanínópel var staddur hér á landi um helgina. Hann var viðstaddur ráðstefnu alkirkjuráðsins sem fram fór um helgina, en tók líka þátt í Hringborði norðurslóða. Patríarkinn fylgdist vel með umræðum í Skálholti á laugardag.** MYND/ ÓLAFUR ÞÓRISSON

# Skráningakerfi þurfi á Herjólf

**SAMGÖNGUR** Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) beinir þeim ábendingum til Eimskips, rekstraraðila Herjólfs, að skráningakerfi um fjölda farþega verði tekið upp á skipinu.

Ábendingarnar koma fram í skýrslu vegna atviks sem átti sér stað í ferjunni milli jóla og nýárs í fyrra. Þá kom upp reykur í skipinu, vegna bilunar í loftræstiblásara, sem var mestur í almenningi.

Illa gekk að rýma skipið en of fáir skipverjar voru um borð til að takast á við aðstæðurnar. Í fyrstu var talið að 132 hafi verið í skipinu en síðar kom í ljós að þeir voru alls 149.

Auk áðurnefndrar ábendingar var þeim tilmælum beint til forsvarsmanna Eimskips að endurskoða fjölda í áhöfn Herjólfs og að tryggja að fjarskiptabúnaður milli áhafnar innan skips sem utan verði lagfærður. **– jóe**

# Húsmæður vilja ekta vambir og meira blóð

**Húsmóðir í Smáíbúðahverfinu er ósátt við gervivambir og vill meira blóð í sláturgerðina. Dregið hefur úr sláturgerð á íslenskum heimilum. Máltíðin kostar rúmar 100 krónur fyrir einn. Fréttablaðið kannaði verð og úrval í sláturtíðinni.**

**NEYTENDUR** Sigríður Hjálmarsdóttir, húsmóðir og fyrrverandi bóndi, er allt annað en sátt við slátursöluna nú til dags.

„Mér finnst bara óréttlátt að fá bara gervivambir en ekki venjulegar ekta vambir. Svo eru þeir hættir með hálsæðarnar sem fylgdu alltaf með áður, segir Sigríður, en viðurkennir að þær séu vissulega ekki allra og það sé töluvert verk að hreinsa þær, „en þetta er magurt og gott kjöt, til dæmis í hakk“.

Sigríður er hins vegar óánægðust með blóðmagnið sem fylgir slátri í dag. „Það hefur verið að breytast smám saman hjá þeim. Hér áður fyrr fylgdu 3/4 lítrar einu slátri en nú fylgir einn lítri þremur slátrum. Mér finnst það bara fúlt,“ segir Sigríður.

Sigríður tekur fimm slátur og segir þau nýtast í 20 máltíðir þegar eldað er fyrir þrjá eins og hún gerir.

„Ég var að reikna út um daginn að þetta eru rúmar 300 krónur máltíðin, eða rúmar 100 krónur á mann. Þá reikna ég allt með, sviðahausana, hjörtun og þindirnar líka. Þau hjónin voru bændur en brugðu búi fyrir þrjátíu árum. „Við vorum með fimm börn og þá tók ég tuttugu slátur. Ég hef alltaf haldið í sláturgerðina síðan,“ segir Sigríður og segir barnabörnin sólgin í slátur, sérstaklega með grjónagrautnum. Enda þótt eiginmaðurinn elski súra slátrið er Sigríður hætt að setja í súr. „Hann fær það bara á þorranum,“ segir Sigríður.

Fréttablaðið spurðist fyrir um verð bæði meðal framleiðenda og í verslunum. Hjá Sláturfélagi Suðurlands hefur heildsöluverðið haldist óbreytt milli ára og er 1.016 kr. án virðisaukaskatts. Hjá Norðlenska er verðið breytilegt og fer eftir samningum við viðskiptavini, en hefur hækkað um 1,5 prósent á síðustu þremur árum. Varan sjálf er einnig nokkuð breytileg og athygli vekur sérstaklega munur á magni blóðs og mörs. Hjá SS fylgir einn lítri af blóði hverjum þremur slátrum og 2,4 kíló af mör. Hjá Norðlenska fylgja hins vegar 2,5 lítrar af blóði hverjum þremur slátrum og þrjú kíló af mör.

Sólmundur Oddsson, innkaupastjóri Nóatúns, segir slátursöluna hafa minnkað töluvert undanfarin 15 ár. „Það er þó alltaf ákveðinn hópur sem heldur í þessa frábæru hefð,“ segir Sólmundur og mælir mun frekar með slátrinu en nammibarnum. Sólmundur vekur athygli á því að það er ekki bara slátrið sjálft sem vinna má í sláturtíðinni heldur ýmiss konar annar innmatur og nefnir til dæmis hreinsaðar og hakkaðar þindar sem frábæra viðbót til að blanda með hakki og kjötfarsi. „Þar ertu komin með frábært efni til bollugerðar,“ segir Sólmundur.

adalheidur@frettabladid.is



**Sigríður Hjálmarsdóttir hefur tekið slátur alla sína húsmóðurtíð. Hún er ósátt við þær breytingar sem eru að verða í slátursölunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Dæmi um smásöluverð

| Vara | Hagkaup | Nóatún |
|---|---|---|
| Sláturpakki | 5.699 kr. (5 slátur) | 4.699 kr. (3 slátur) |
| Verð (eitt slátur) | 1.139 kr. | 1.566 kr. |
| Blóð | 199 kr. 1 lítri | 749 kr. 2,5 lítrar |
| Mör | 169 kr./kg | 199 kr./kg |
| Nýru | 399 kr./kg | 299 kr./kg |
| Þindar | 399 kr./kg | 499 kr./kg |
| Lifur | 379 kr./kg | 499 kr./kg |
| Hjörtu | 579 kr./kg | 499 kr./kg |
| Ekta vambir 3 stk. | 1.199 kr. | 1.199 kr. |



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# STANZSETJUM BREMSURNAR

## ÓKEYPIS ÁSTANZSKOÐUN Í OKTÓBER




**Í október borgar sig að snögghemla hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota og fá ókeypis ástandsskoðun á bremsum.**

Auk þess bjóðum við **20% afslátt*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum, **10% afslátt*** af vinnu og gefum kost á **vaxtalausri**** greiðsludreifingu.

Komdu bremsunum í gott stanz og farðu varlega inn í veturinn.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |




* Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.
** Sé greitt með korti er hægt að dreifa greiðslum – vaxtalaust – í allt að 9 afborganir. Korthafi ber 3,5% lántökukostnað.

# Rjúpnaveiði með sama sniði og síðustu ár

**NÁTTÚRA** Rjúpnaveiðitímabilið hefst daginn fyrir kjördag, þann 27. október. Tímabilið í ár er eins og á því síðasta, þar sem veitt er fjórar samfelldar helgar frá föstudegi til sunnudags. Sigrún Magnúsdóttir ákvað árið 2016 að ef forsendur myndu lítið breytast yrði fyrirkomulagið eins til ársins 2019.

Miðað við fjölda veiðimanna síðustu ár er gert ráð fyrir að veiði hvers veiðimanns eigi að vera að meðaltali um 5-6 fuglar. Áfram er sölubann á rjúpu og fylgir Umhverfisstofnun því banni eftir.

**Umhverfisstofnun ber ábyrgð á skráningu á rjúpuveiðinni og vinna því stofnanirnar saman að því að meta veiðiþol stofnsins.**

Virk vöktun er með rjúpnastofninum og sér Náttúrufræðistofnun Íslands um hana og allar rannsóknir. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á skráningu á rjúpuveiðinni og vinna því stofnanirnar saman að því að meta veiðiþol stofnsins. Rjúpur eru taldar á vorin á um 40 svæðum vítt og breitt um landið. Aldurshlutföll í stofninum eru metin síðsumars og á veiðitíma.

Stærð rjúpnastofnsins er mjög breytileg eftir árum og eftir árstíðum. Til að mynda er rjúpnastofninn að hausti allt að því fjórum sinnum stærri en hann er að vori. Veiðar á rjúpu voru bannaðar árin 2003 og 2004 en þá var stofnstærðin í sögulegu lágmarki. Allt frá þeim tíma hefur sölubann ríkt á afurðunum. – sa



Rjúpan er að margra mati ómissandi hluti jólanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### Rjúpnaveiðidagar 2017

- föstudagur 27. október laugardagur 28. október og sunnudagur 29. október
- föstudagur 3. nóvember laugardagur 4. nóvember og sunnudagur 5. nóvember
- föstudagur 10. nóvember laugardagur 11. nóvember og sunnudagur 12. nóvember
- föstudagur 17. nóvember laugardagur 18. nóvember og sunnudagur 19. nóvember

## Yngsti þjóðarleiðtoginn 31 árs gamall

**AUSTURRÍKI** Sebastian Kurz, utanríkisráðherra Austurríkis og formaður Flokks fólksins í Austurríki, lýsti í gær yfir sigri í kosningunum í Austurríki. Kurz, sem er 31 árs gamall, verður yngsti þjóðarleiðtogi í heimi eftir kosningarnar.



Sebastian Kurz, utanríkisráðherra Austurríkis

Kurz lýsti yfir sigri eftir að útgönguspár voru birtar sem bentu til þess að flokkurinn væri með 31,5 prósent fylgi, sósíaldemókratar með 27,1 prósent og Frelsisflokkurinn með 25,9 prósent fylgi. Flokkur Kurz bætir við sig um sjö prósentum atkvæða frá því í kosningum 2013.

Lokaniðurstöður verða ekki tiltækar fyrr en miðja næstu viku. – jhh

## Kosið aftur milli tveggja efstu

**KIRKJAN** Kjósa þarf aftur milli tveggja frambjóðenda um embætti vígslubiskups í Skálholtsumdæmi. Fyrri atkvæðagreiðsla hefur þegar farið fram og voru atkvæði talin á laugardaginn.

Á kjörskrá voru 979 manns og bárust 605 atkvæði, sem þýðir að kosningaþátttaka var 62 prósent. Atkvæði féllu þannig: Séra Axel Árnason hlaut 95 atkvæði, séra Eiríkur Jóhannsson hlaut 234 atkvæði og séra Kristján Björnsson hlaut 247 atkvæði. Samkvæmt því hlaut enginn meirihluta atkvæða og verður kosið að nýju á milli séra Eiríks og séra Kristjáns. Ógild atkvæði voru 24 og auðir seðlar fimm. – jhh

# Þrjú laxapör flutt á ófiskgeng svæði í von um að þau hrygni

**Liðsmenn Veiðifélags Árnesinga fóru á dögunum með þrjú laxapör til hrygningar á ófiskgengu svæði efst í Stóru-Laxá. Formaður Stóru-Laxárdeildar félagsins segir þetta upphaf fimm ára tilraunar til að stækka uppeldissvæði laxins. Aðferðin er náttúrulegri og ódýrari en að vera í klaki og kreista hrygnur allan veturinn.**



Gljúfrin í Stóru-Laxá hafa aðdráttarafl fyrir laxa og stangveiðimenn. MYND/BJÖRGÓFUR HÁVARÐSSON

**STANGVEIÐI** „Við ætlum að reyna að nýta þetta svæði í uppeldi á seiðum,“ segir Esther Guðjónsdóttir, bóndi og formaður Stóru-Laxárdeildar Veiðifélags Árnesinga, sem freistar þess að auka laxgengd í ánni með því að flytja hrygningarlax upp á ófiskgeng svæði.

Til stóð að flytja tíu laxapör upp fyrir stóran foss til móts við Uppgöngugil í Stóru-Laxárgljúfrum og að ólaxgengu svæði nærri gangnamannaskálanum Helgaskála, sunnan Geldingafells. Leyfi fékkst til að veiða fiskana utan lögbundins veiðitíma á flugu á neðsta veiðisvæði Stóru-Laxár í byrjun október og flytja upp eftir. Þegar upp var staðið náðust þó aðeins þrír hængar og þrjár hrygnur í þessari atrennu að sögn Estherar.

„Þetta er kjörlendi fyrir lax að alast upp og vonandi fáum við meiri laxagengd í ána á eftir,“ segir Esther og bendir á að um sé að ræða aðferð sem þurfi að endurtaka á hverju hausti enda komist laxinn sem elst þar upp ekki þangað aftur að nýju til hrygningar eftir að hafa gengið til sjávar tveggja ára gamall.

„Það verður rannsakað hvort þarna eru seiði næsta sumar. Ef þetta virkar erum við með ágætis lausn. Þetta er náttúrulegri aðferð og ódýrari en að vera í klaki og kreista hrygnur og ala upp allan veturinn,“ segir Esther.

Að sögn Estherar eru laxarnir sex nú í kistum á ófiskgenga svæðinu. „Við látum þá aðlagast vatninu og hitastiginu og bíðum með að sleppa þeim þangað til þeir eru alveg að fara að hrygna. Það er best því þá eru meiri líkur á að þeir séu kyrrir þar sem þeir eru og fari ekki niður.“

Fram kemur í umsögn Hafrannsóknastofnunar um verkefnið að Stóra-Laxá sé fiskgeng 41 kílómetra. Metnir hafi verið 17 kílómetrar á svæðinu þar fyrir ofan. „Ekki hafa öll mögulega nýtanleg ófiskgeng svæði verið metin en ljóst er að talsverðir möguleikar eru til nýtingar þeirra á vatnasvæði Stóru-Laxár,“ segir stofnunin. Meðalveiði í ánni síðustu tíu ár sé 745 laxar á sumri.

Esther segir menn ekki hafa lagt niður fyrir sér hversu mikið verkefnið gæti aukið við laxagengd í Stóru-Laxá. Aðspurð hvort ekki eigi jafnvel að gera fossinn við Uppgöngugil fiskgengan segist hún sjálf spyrja sig að því af hverju það hafi ekki verið gert fyrir löngu. Ekki standi til að gera það nú. „Við höfum ekki farið út í það að raska náttúrunni þarna,“ segir hún.

> **Við látum þá aðlagast vatninu og hitastiginu og bíðum með að sleppa þeim þangað til þeir eru alveg að fara að hrygna.**
>
> Esther Guðjónsdóttir bóndi

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps gaf nýverið neikvæða umsögn til Orkustofnunar varðandi endurnýjun rannsóknarleyfis til Landsvirkjunar vegna mögulegrar virkjunar með tilheyrandi stíflugerð í efri hluta Stóru-Laxár. Esther segist vonast til að það mál sé þar með úr sögunni. „Þetta myndi skerða mjög uppeldissvæði seiða því gljúfrin myndu nánast þurrkast upp þar sem laxinn hrygnir,“ útskýrir formaður Stóru-Laxárdeildarinnar. gar@frettabladid.is

60+

Fræðslufundur
um rétt til ellilífeyris

í BSRB-salnum, Grettisgötu 89
fimmtudaginn 19. október kl. 15.00.

Farið verður yfir lög um almannatryggingar
m.a. tekjutengingar og frítekjumörk.

Skráning á tr.is.

TR

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

PIPAR\TBWA · SÍA · 173998

# Nýr Tiguan á ómótstæðilegu haustverði.

**Vetrarpakki** með **50% afslætti**
býðst með öllum Tiguan til áramóta:

- Vetrardekk 110.000 kr.
- Dráttarkrókur 165.000 kr.
- Gúmmímotta í farangursrými 25.000 kr.

Samtals **300.000 kr.** með 50% afslætti
**150.000 kr.**




## Betur búinn Tiguan með kaupauka fyrir veturinn.

Við bjóðum sérlega vel útbúna Volkswagen Tiguan á ótrúlega góðu verði. Skarpar línur, rúmgott innanrými og sniðugar tækninýjungar gera hann að spennandi kosti ef þú ert í bílahugleiðingum. Hann skartar ríkulegum staðalbúnaði og nú býðst einnig freistandi vetrarpakki með öllum nýjum Tiguan. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA BÍLL ÁRSINS 2017

### Tiguan Offroad

- „Offroad“ útlit, 20 cm veghæð
- Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
- Mirror Link og Apple CarPlay
- Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
- Loftkæling
- Akreinavari
- Nálgunarvarar að framan og aftan
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Þakbogar
- Bakkmyndavél
- Montana 17" álfelgur

**Tilboðsverð**
**4.990.000 kr.**
**Listaverð 5.490.000 kr.**

**Fjórhjóladrifinn TSI**
Bensínmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 250 Nm tog
Meðaleyðsla 6.9 l/100 km
2.200 kg dráttargeta

**Tilboðsverð**
**5.490.000 kr.**
**Listaverð 5.890.000 kr.**

**Fjórhjóladrifinn TDI**
Dísilmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 340 Nm Tog
Meðaleyðsla 5.7 l/100km
2.500 kg dráttargeta

### Tiguan Comfortline +

- Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
- Mirror Link og Apple CarPlay
- LED aðalljós
- Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
- Þrískipt tölvustýrð loftkæling
- Akreinavari
- Nálgunarvarar að framan og aftan
- Hraðastillir
- Hiti í stýri
- Dökkar rúður að aftan og í afturhlera
- Þriggja svæða loftkæling
- Þakbogar
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Montana 17" álfelgur
- Rafmagnshleri
- Lyklalaust aðgengi
- Aðfellanlegir speglar

**5.990.000 kr.**

**Fjórhjóladrifinn TSI**
Bensínmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 250 Nm tog
Meðaleyðsla 6.9 l/100 km
2.200 kg dráttargeta

**6.390.000 kr.**

**Fjórhjóladrifinn TDI**
Dísilmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 340 Nm Tog
Meðaleyðsla 5.7 l/100km
2.500 kg dráttargeta

**Við látum framtíðina rætast.**

**Volkswagen**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

## Meiri hætta á fyrirburum

**HEILBRIGÐISMÁL** Mæður sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi eru líklegri til að eignast fyrirbura heldur en þær sem ekki hafa orðið fyrir ofbeldi. Nýburar þeirra eru einnig líklegri til að vera fluttir á vökudeild. Þetta sýna niðurstöður doktorsrannsóknar í lýðheilsuvísindum sem Agnes Gísladóttir varði á dögunum.

Ritgerðin sem ber heitið „Meðganga og fæðing hjá konum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi“ hafði það að markmiði að skoða hugsanlegt samband á milli kynferðisofbeldis á unglings- eða fullorðinsárum og áhættu á óæskilegum þáttum tengdum meðgöngu og fæðingu síðar á lífsleiðinni.

Í útsettum hópi voru konur sem höfðu leitað til Neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis og höfðu að meðaltali sex árum síðar fætt barn. Í óútsettum hópi voru konur sem höfðu ekki leitað til Neyðarmóttökunnar og voru valdar af handahófi úr fæðingaskrá.

„Við skoðuðum bæði meðgöngu, fæðingu og svo heilsuna hjá nýburanum og þegar við skoðuðum meðgönguna þá sáum við að konur sem höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi voru í aukinni áhættu á að takast ekki að hætta að reykja. Svo voru vísbendingar um að það væri aukin áhætta á meðgöngusykursýki. Og það voru vísbendingar um að það þyrfti frekar inngrip í fæðingu,“ segir Agnes þannig að konur sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi eiga frekar á hættu að þurfa fara í bráðakeisaraskurð. – **ngy**

## 4.000 hektarar brenna



Í Galiciu í norðvesturhluta Spánar hafa eldar lagt undir sig meira en 4.000 hektara af landi. Þurrt veðurfar og hiti eru kjörskilyrði fyrir eldana og enginn veit hvort hægt er að hemja þá. Villihestarnir í Boiro láta sér þó fátt um finnast og sækja sér tuggu hvar sem hún finnst. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Sakar Lars um áreitni

**JAFNRÉTTI** Björk Guðmundsdóttir sakar danska leikstjórann Lars von Trier um kynferðislega áreitni í stöðuuppfærslu sem hún birti á Facebook-síðu sinni í dag. Þau unnu saman að gerð kvikmyndarinnar Dancer in the Dark sem kom út árið 2000.

„Ég er innblásin af öllum þeim konum sem láta í sér heyra á netinu til að láta í mér heyra varðandi reynslu mína af dönskum leikstjóra, því ég er frá landi sem er eitt af þeim löndum sem er hvað næst jafnrétti kynjanna,“ segir Björk í upphafi færslunnar.

> **Ég er frá landi sem er eitt af þeim löndum sem er hvað næst jafnrétti kynjanna.**
>
> Björk Guðmundsdóttir söngkona




Björk nafngreinir von Trier ekki í færslu sinni en leiða má yfirgnæfandi líkur að því að Björk sé að lýsa samskiptum sínum við hann enda er von Trier eini danski leikstjórinn sem Björk hefur unnið með að gerð kvikmyndar. – **ae, ai**

www.n1.is facebook.com/enneinn

Októbertilboð

35% afsláttur

K2 kuldajakki
Vatteraður kuldajakki með hettu sem hægt er að smella af.



8.385 kr.
Verð áður: 12.900 kr.

K2 kuldabuxur
Vatteraðar kuldabuxur með smekk og axlaböndum.



8.385 kr.
Verð áður: 12.900 kr.

Tilboð gildir út október 2017

N1 Klettagörðum 13
og verslanir N1 um land allt
440 1000 www.n1.is

Alltaf til staðar N1

# Ráðherra fái drög að samningi í vikunni

**Samningaviðræður milli Vestmannaeyjabæjar og ríkis um rekstur Herjólfs standa enn yfir. Bærinn undirbýr sig með hjálp Bonafide lögmanna og Analytica. Bæjarstjórinn segist ekki ætla að taka rekstrarlega áhættu.**



Bæjarstjórinn segir að þegar tekin séu tillit til ákveðinna skilyrða ætti sveitarfélagið að geta rekið ferjuna á forsendum samfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SAMGÖNGUR** Samningaviðræðum ríkisins og Vestmannaeyjabæjar um að síðarnefndi aðilinn taki við rekstri Vestmannaeyjaferjunnar miðar hægt en örugglega, að sögn Elliða Vignissonar bæjarstjóra.

„Ráðherra hefur tekið mjög vel í þessa hugmynd. Hann hefur þegar falið Vegagerðinni að skila ráðuneytinu drögum að samningi við okkur. Við höfum á sama tíma verið að undirbúa okkur fyrir þessar samningaviðræður og vinnum þær með annars vegar Bonafide lögmannsstofunni og hins vegar Analytica varðandi rekstrarhagfræðina,“ segir Elliði. Hann vonast til að ráðuneytið verði komið með samningsdrögin strax í þessari viku.

„Við þekkjum þennan rekstur alveg ágætlega, eins og hægt er í gegnum excel-skjöl. Við teljum að að gefnum ákveðnum forsendum eigum við að geta rekið Vestmannaeyjaferju á forsendum samfélagsins og tryggt þær forsendur,“ segir Elliði. Hann segir þó tvennt þurfa til að þetta verði að veruleika án hnökra.

„Það þarf aðra ferju sem kemur núna í vor og síðan þarf núna klárlega að halda áfram að vinna Landeyjahöfn út úr þessum örðugleikum sem þar hafa verið. Annars vegar með tilliti til dýpis og hins vegar með tilliti til þess að veita skipinu skjól í aðsiglingu að höfninni,“ segir Elliði. Hann er bjartsýnn á að þetta verði að veruleika og bendir á að þær hafnir sem hann þekki best, höfnin í Vestmannaeyjum og höfnin í Grindavík séu fjarri því að vera núna eins og þær voru þegar hann var krakki. „Þannig að auðvitað á Landeyjahöfn eftir að þróast og verða betri með tíð og tíma.“

> **Við erum ekki að spila neinn rekstrarlegan póker. Spilin liggja á borðinu og við erum í mjög góðri samvinnu við Vegagerðina og samgönguráðuneytið um þessi mál.**
>
> Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum



Elliði segist ekki ætla að taka rekstrarlega áhættu fyrir bæinn með verkefninu. „Við erum einfaldlega að taka yfir samfélagslegt verkefni frá ríki til sveitarfélags. Rétt eins og við gerðum þegar við tókum að okkur málefni grunnskóla. Vestmannaeyjabær tók að sér rekstur málefna fatlaðra langt á undan öðrum og við nálgumst þetta meira þannig. Við erum ekki að spila neinn rekstrarlegan póker. Spilin liggja á borðinu og við erum í mjög góðri samvinnu við Vegagerðina og samgönguráðuneytið um þessi mál og reynum að finna þeim sem bestan farveg inn í framtíðina.“

**jonhakon@frettabladid.is**




# Er vefurinn of vinsæll?

## Þá þarf hann rými til að vaxa!

**Fyrirtækjahýsing**

NÝJUNG HJÁ 1984

- Stækkanleg
- Stillt eftir þínum þörfum
- Nákvæm tölfræði
- Einfalt viðmót
- Ótakmarkaður fjöldi vefja og léna
- Ótakmarkaður fjöldi tölvupóstfanga

www.1984.is | 1984@1984.is

1984

1984 selur .is lén frá Isnic. .is

## Einn milljarður ónýttur

**VELFERÐARMÁL** Aðeins um 42% leigjenda nýta sér rétt sinn til húsnæðisbóta. Ný könnun Íbúðalánasjóðs sýnir að umtalsvert fleiri eiga rétt á bótum en nýta sér þær. Á tímabilinu frá janúar til september í ár voru fjórir milljarðar greiddir í húsnæðisbætur og miðað við óbreytt umsóknarhlutfall þá verða greiddir út 5,3 milljarðar í slíkar bætur á árinu öllu. Eftir því sem fram kemur í tilkynningu frá Íbúðalánasjóði var gert ráð fyrir 6,4 milljörðum í húsnæðisbætur á fjárlögum ríkisins í ár. Það er 1,1 milljarður, sem gert hafði verið ráð fyrir að rynni til fólks á leigumarkaði, sem verður eftir í ríkiskassanum í lok árs.

Í leigumarkaðskönnun hagdeildar Íbúðalánasjóðs, sem gerð var í ágúst og september, kemur í ljós að húsnæðisbætur eru að meðaltali 31% af leiguverði. Því er ljóst að um nokkra búbót gæti verið að ræða fyrir marga einstaklinga og fjölskyldur á leigumarkaði. Að meðaltali greiða leigjendur um 41% tekna sinna í húsaleigu og sumir mun meira. Ítarlegar niðurstöður úr könnuninni verða kynntar á húsnæðisþingi sem fram fer í dag.

Þá hefur verið tilkynnt að útgreiðsla húsnæðisbóta muni færast til Íbúðalánasjóðs frá Vinnumálastofnun og mun sjóðurinn í kjölfarið ráðast í sérstakt átak til að fræða leigjendur og leigusala um húsnæðisbætur og þannig reyna að auka útgreiðslur til fólks á leigumarkaði. Vegna þessarar tilfærslu munu nokkrir starfsmenn Vinnumálastofnunar flytjast til Íbúðalánasjóðs. – jhh

# Á þriðja hundrað manns fórust í árás í höfuðborg Sómalíu

**Fólk safnaðist saman nærri Safari hótelinu í höfuðborg Sómalíu í gær til að leita að ástvinum. Mannskæðasta árás í tíu ár gerð á laugardaginn. Forsetinn hefur lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg og segir óvininn einskis svífast.**



Myndir af svæðinu þar sem sprengingin varð lýsa mikilli skelfingu. Talið er víst að herskáir íslamistar úr röðum al-Shabab hafi staðið fyrir árásinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**SÓMALÍA** Talið er að minnst 230 manns hafi farist þegar tvær sprengjur sprungu í Mógadisjú, höfuðborg Sómalíu á laugardaginn. Lögreglan þar segir að hundruð hafi særst að auki. Önnur sprengjan var í flutningabíl sem lagt hafði verið við inngang að Safari hótelinu, miðsvæðis í borginni. Lögregluyfirvöld staðfestu einnig að tveir hefðu farist í annarri sprengju í Madinahverfinu í Mógadisjú. Þetta er mannskæðasta hryðjuverk sem framið hefur verið í Sómalíu allt frá árinu 2007.

Það liggur ekki fyrir hverjir bera ábyrgð á sprengingunni en Mógadisjú er skotmark stjórnarandstæðinga úr röðum al-Shabab skæruliða. Það er hópur herskárra múslima sem tengdir eru al-Kaída hryðjuverkasamtökunum.

Fjölmiðlar í landinu hafa greint frá því að fjölskyldur hafi safnast saman í gærmorgun á svæðinu þar sem sprengjan sprakk til að leita að ástvinum sínum.

Forseti Sómalíu, Mohamed Abdullahi Mohamed, hefur lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg vegna atburðanna. „Þessi hræðilega árás sýnir okkur að óvinurinn beitir öllum brögðum til þess að valda okkur sársauka og þjáningu,“ sagði Mohamed á Twitter-síðu sinni.

Ibrahim Mohamed lögreglustjóri sagði í samtali við AFP fréttastofuna að líklegast væri að tala látinna myndi hækka. „Það eru meira en 300 særðir og sumir þeirra hafa særst mjög illa,“ sagði hann.

Fréttaritari BBC í Sómalíu segir að hótelið hafi hrunið og fólk grafist í rústunum. Sjónarvottur sagði í samtali við AFP fréttastöðina að þetta hefði verið stærsta sprengja sem hann hefði nokkurn tímann orðið vitni að.

Forstjóri Madinasjúkrahússins, Mohamed Yusuf Hassan, sagði að hann væri sleginn yfir því hversu stór árásin væri. „Sjötíu og tveir særðir einstaklingar voru lagðir inn á spítalann og 25 þeirra eru mjög illa haldnir. Nokkrir misstu hendur og fætur. Það sem þarna gerðist var ótrúlegt. Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt og fjöldi fólks er látinn, segir hann.

Samkvæmt upplýsingum frá Rauða krossinum fórust fimm sjálfboðaliðar á vegum þeirra í árásinni. Abdiasis Mohamed, sjálfboðaliði sem slapp heill, sagði að hann og vinir hans hefðu verið að drekka te þegar önnur sprengjan sprakk. Hann missti meðvitund, en segir að þegar hann rankaði við sér hafi hann verið þakinn blóði og fjöldi vina hans hafi verið látnir og þaktir brunasárum.

jonhakon@frettabladid.is






GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Laun kvennastétta hækki umfram aðra

**Þorsteinn Víglundsson telur æskilegt að kvennastéttir fái launahækkun í komandi kjaraviðræðum umfram aðra hópa. Formaður BHM segir gott að ráðherra sé kominn í lið með sér hvað það varðar. Hugmyndirnar séu þó augljóslega komnar upp vegna kosninganna.**

**VINNUMARKAÐUR** Þorsteinn Víglundsson jafnréttismálaráðherra vill hækka laun kvennastétta meira en annarra stétta í næstu kjarasamningaviðræðum sem eru handan við hornið. Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, er áfram um þá hugmynd.

Konur eru að meðaltali með 13 prósent lægri laun en karlar. Að mati Þorsteins bera fjölmargar kvennastéttir mikla ábyrgð í erfiðum störfum sem krefjast langrar menntunar. „Hér erum við að tala um fjölmenna hópa á borð við grunn- og leikskólakennara, hjúkrunarfræðinga og svo mætti áfram telja. Tilraunir til að leiðrétta einstaka hópa hafa iðulega leitt af sér sömu launakröfur hjá öðrum stéttum,“ segir Þorsteinn.

„Það er gott að ráðherrann komi fram með þessa hugmynd og vert að ræða alvarlega. Sautján aðildarfélög BHM eru með lausa samninga við ríkið og þar innan um eru kvennastéttir sem þarf að leiðrétta. Hafa ber í huga að þær kvennastéttir sem þurfa leiðréttingu launa sinna eru háskólamenntaðar stéttir,“ segir Þórunn. „Ég hef viðrað álíka hugmyndir áður við SALEK-borðið en þær hugmyndir hlutu ekki náð þá.“

> Það er gott að ráðherrann komi fram með þessa hugmynd um að hækka laun kvennastétta og vert að ræða alvarlega.
>
> Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM



Þórunn segir tímasetningu þessara hugmynda ekki koma á óvart. „Þótt þessar hugmyndir dúkki upp nú, augljóslega í ljósi komandi kosninga, er samt vert að ræða þær af alvöru og vonandi er vilji til þess að hækka laun kvennastétta í þessu landi,“ segir Þórunn.

„Eina leiðin til að hægt verði að leiðrétta kjör þessara stétta er víðtæk sátt allrar verkalýðshreyfingarinnar og ríkis og sveitarfélaga,“ segir Þorsteinn og vill beita sér fyrir því að eyða kynbundnum launamun á íslenskum vinnumarkaði. „Greina verður hver þessi launamunur er og á grunni slíkrar greiningar að semja um hvernig hann verði lagfærður án þess að aðrir hópar innan verkalýðshreyfingarinnar geri kröfu um sömu hækkanir.“ **sveinn@frettabladid.is**



**Skilgreina þarf sérstaklega kvennastéttir og hækka þeirra laun meira en hinna að mati Þórunnar og Þorsteins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Hver á stefna Íslands í þjónustu við veika einstaklinga og aldraða að vera?

Málþing
Hótel Natura
Mánudaginn 16. október 13:30-15:45

**Málþing á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.**

**Dagskrá:**

13:30-13:40 **Setning málþings**
Pétur Magnússon, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og forstjóri Hrafnistuheimilanna

13:40-13:55 **Velferðaþjónustan frá sjónarhóli sjálfstæðra rekstraraðila**
Anna Birna Jensdóttir, stjórnarmaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og framkvæmdastjóri Sóltúns

14:10-14:25 **Landspítali - hornsteinn í þjónustu við veika og aldraða**
Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans

14:10-14:25 **Velferðarþjónustan frá sjónarhóli heimaþjónustuaðila**
Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri velferðasviði Reykjavíkurborgar

**Stutt erindi frá stjórnmálaflokkum**
Guðlaug Kristjánsdóttir, Björt framtíð
Hildur Sverrisdóttir, Sjálfstæðisflokki
Jón Þór Ólafsson, Pírötum
Oddný G. Harðardóttir, Samfylkingu
Steinunn Þóra Árnadóttir, Vinstri græn
Þorsteinn Víglundsson, Viðreisn

**Að framsögum loknum verða pallborðsumræður**

**Fundarstjóri:** Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara.




**Allir velkomnir, aðgangur ókeypis**

Málþingið verður haldið á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, Þingsal 2, mánudaginn 16. október kl. 13:30-15:45

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU




**Strætó sér um akstursþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Bæta kynningu vegna korta fyrir nemendur

**SAMFÉLAG** Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að ítreka upplýsingar um afsláttarkort fyrir fatlaða nemendur til starfsfólks í Ferðaþjónustu fatlaðs fólks, til kynningar fyrir notendur þjónustunnar. Þetta kemur fram í tilkynningu velferðarsviðs til Fréttablaðsins í tilefni umfjöllunar blaðsins síðastliðinn föstudag um hagstæð kjör á akstursþjónustu sem Reykjavíkurborg býður upp á fyrir fatlaða nemendur en voru ekki kynnt notendum.

Í frétt blaðsins var rætt við Ástu K. Ólafsdóttur, móður fatlaðs framhaldsskólanema, sem greiddi margfalt hærri fargjöld fyrir son sinn en stóðu til boða, vegna þess að ákveðið var að kynna þau ekki fyrir notendum á meðan þau voru í endurskoðun.

Í tilkynningunni kemur fram að borgin vildi að kortin yrðu kynnt á vefsíðu Strætó bs. og unnt yrði að sækja um þau þar. Strætó hafi hins vegar tekið ákvörðun um að kynna kortin ekki á sínum vef þar sem önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu buðu ekki upp á þessi kjör.

Þá kemur einnig fram í tilkynningunni að ráðgjafar borgarinnar í aksturs- og ferðaþjónustu hafi fengið upplýsingar um nemakortin eftir að velferðarráð tók ákvörðun í júní 2016 um að bjóða upp á þau fyrir fatlaða nemendur í framhalds- og háskólum. Þær upplýsingar hafa nú verið ítrekaðar til ráðgjafanna. – **aá**

## Gagnrýna Ásmund

**STJÓRNMÁL** Nokkrir nafntogaðir Sjálfstæðismenn hafa gagnrýnt málflutning Ásmundar Friðrikssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um málefni hælisleitenda. Ásmundur sagði í grein sem birtist í Morgunblaðinu að ræða þurfi kostnað vegna hælisleitenda. Heimafólk líði fyrir fjölgun hælisleitenda á Íslandi.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari Sjálfstæðisflokksins, segir á Twitter-síðu sinni að stefna Sjálfstæðisflokksins sé skýr, en þar segi að móttaka flóttamanna sé sjálfsögð.

Deilir hún um leið myndbandi þar sem Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir Sjálfstæðisflokkinn vilja taka á móti flóttafólki og að Ísland geri sitt til að takast myndarlega á við flóttamannavandann. Þordís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, starfandi iðnaðar- og nýsköpunarráðherra Sjálfstæðisflokksins, endurbirtir tíst Áslaugar.



**Ásmundur Friðriksson þingmaður.**

Magnús Sigurbjörnsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins og bróðir Áslaugar, segir tilefni hafa gefist til yfirstrikana og í sama streng tekur Davíð Þorláksson, fyrrverandi formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna. – **bo, kó**

# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

Í TAKMARKAÐAN TÍMA

## OPIÐ ALLA VIKUNA TIL 18:00

**TILBOÐ**

### HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18v 2.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
T-STAK taska

vnr 94DCD791D2

**29.900** m/vsk

Fullt verð 39.768 m/vsk



**TILBOÐ**

### HLEÐSLUBORVÉL 18 M/HÖGGI

Tylon málband

vnr 94DCD796D2

**31.900** m/vsk

Fullt verð 42.378 m/vsk



**TILBOÐ**

### LASER 360° 3JA LÍNU GRÆNN

4 X Sjáanlegri en Rauður geisli. 3 X 360°. Vatns og rakavarinn IP65
Prófaður fyrir 2m fall
10.8v 2.0 Ah Rafhlaða

vnr 94DCE089D1G

**59.900** m/vsk

Fullt verð 85.134 m/vsk



**TILBOÐ**

### GEIRUNGSSÖG

Mesta skurðargeta: 62 X 250 mm
Mesti halli: 45°
Blaðstærð: 216 mm

vnr 94DWS774

**40.900** m/vsk

Fullt verð 48.391



**TILBOÐ**

### SLÍPIROKKUR 18V STAKUR

Fyrir 125mm skífur
Afl : 7000sn, 405W
Þyngd: 2,2kg.

vnr 94DCG412N

**24.900** m/vsk

Fullt verð 30.199 m/vsk



**TILBOÐ**

### SMÁHLUTABOX

Gott box sem er með tíu hólfum í misjöfnum stærðum.
Hægt að stafla á önnur Stanley smáhlutabox.

vnr 93197517

**2.300** m/vsk

Fullt verð 2.903 m/vsk



**TILBOÐ**

### BORÐ FYRIR GEIRUNGSAGIR

Létt og þægilegt borð fyrir allar gerðir geirungsaga.
Stærð: 1,2 m samanbrotið en 2,6 m útbreitt.

vnr 94DE7033

**23.900** m/vsk

Fullt verð 30.379



**TILBOÐ**

### MÁLBAND 8 METRAR

Tylon málband

vnr 93030697

**1.300** m/vsk

Fullt verð 1.620 m/vsk




Tilboð gilda frá 16 - 20. október eða á meðan birgðir endast

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Leikreglurnar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er vandlifað í veröld stjórnmálaumræðu á Íslandi í dag. Í aðra röndina er réttilega brýnt fyrir öllum að halda sig nú við að fara í boltann en ekki manninn en það getur reynst ansi snúið þegar stakir leikmenn spila eftir eigin leikreglum. Gefa lítið fyrir mikilvægi þess að rétt sé farið með upplýsingar og staðreyndir, kasta fram staðleysu um mikilvæg málefni og nýta svo vitleysuna til þess að róa á mið afkomuótta og óöryggis þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Viðkomandi virðist vera á eigin vegum, óháð því að hann er í framboði fyrir stóran stjórnmálaflokk, en það er nú einu sinni þannig að flokkar eru auðvitað ekkert annað en fólkið sem í þeim starfar.

Leikmaðurinn sem hér um ræðir er auðvitað Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og annar maður á lista í Suðurkjördæmi í komandi kosningum, en boltinn, eða með öðrum orðum málefnið, er staða hælisleitenda á Íslandi. Ásmundur skrifaði grein sem birtist í Morgunblaðinu síðastliðinn laugardag þar sem hann viðrar skoðanir sínar á málefnum hælisleitenda og þeim kostnaði sem þeim fylgir. Í greininni setur Ásmundur fram fjöldann allan af staðreyndavillum, bæði tölulegar upplýsingar og annað, sem hefur þegar margsinnis verið hrakið á opinberum vettvangi.

Markmiðið virðist einkum vera að koma umræðu um málefnið inn á svið upphrópana, fordæminga og sleggjudóma og þaðan sleppa fáir óskaddaðir, síst af öllu hinn almenni kjósandi sem þráir ekkert frekar en upplýsta umræðu um mikilvæg málefni. Umræðu þar sem staðreyndir mála eru settar fram á ábyrgan hátt og síðan leitað lausna með mannúð og réttlæti að leiðarljósi.

En slíkar leikreglur virðir Ásmundur að vettugi og dembir vitleysunni yfir lesendur Morgunblaðsins í krafti þess að hann hafi hugrekki til þess að taka umræðuna eins og hann kallar það sjálfur. Það er merkilegt í ljósi þess að þöggun miðaldra og eldri karlmanna í valdastöðum hefur almennt séð ekki þótt vandamál í íslensku samfélagi, eins og birtingin á grein Ásmundar staðfestir. Staðreyndavillurnar nýtir Ásmundur svo til þess að höfða til þeirra sem hafa lengi mátt bíða eftir bættum kjörum með þeirri fádæma smekkleysu að kenna kostnaðinum af hælisleitendum um stöðu þeirra, fremur en t.d. lækkun auðlindagjalds eða aðra skerta tekjustofna ríkisins á síðustu árum.

Það eru hvorki mannréttindi né lýðræðislegur réttur Ásmundar að fara með staðlausa stafi og ósannindi til þess að ala á ótta og fordómum sjálfum sér og flokki sínum til fylgis. Þvert á móti er það í raun aðför að lýðræðinu að bera á borð rangar upplýsingar og að auki skerðing á mannréttindum þeirra sem eru hafðir fyrir rangri sök. Þessu hlýtur Sjálfstæðisflokkurinn að taka á og það er erfitt að sjá hvernig flokkurinn á að geta sætt sig við að einn af þeirra liðsmönnum spili með þessum hætti. Vilji Sjálfstæðisflokkurinn taka þátt í vandaðri umræðu um viðkvæm málefni, halda áfram að kalla eftir því að farið sé í boltann en ekki manninn, þá getur hann ekki boðið landsmönnum upp á mann sem virðir ekki leikreglurnar.

> **Þvert á mót er það í raun aðför að lýðræðinu að bera á borð rangar upplýsingar og að auki skerðing á mannréttindum þeirra sem eru hafðir fyrir rangri sök.**

## Halldór



**Vantar þig heimilislækni?**

Ný heilsugæslustöð Urðarhvarfi 14, Kópavogi

**Skráning stendur yfir, opin öllum, óháð búsetu. verið velkomin !**

Sími 510 6500, www.hv.is

HEILSUVERND
því hver dagur er dýrmætur
HEILSUGÆSLA

Urðarhvarf 14 | 203 Kópavogur | s: 510 6500 | www.hv.is

## Frá degi til dags

**Manneklan**

**Á þessum vettvangi í Fréttablaðinu á föstudaginn var því fagnað að Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefði lagt fram tillögur til þess að takast á við manneklu á leikskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Var þetta meðal annars gert með því að greiða leikskólastjórnendum eingreiðslu vegna álags í starfi. Hins vegar var spurt hvort almennir starfsmenn á leikskólunum ættu ekki líka að fá umbun fyrir álag, sem hlýtur að lenda á þeim.**

**Viðbótin**

**Eftir að blaðið kom út á föstudag tilkynnti borgin svo að almennir starfsmenn á þessum vinnustöðum fengju eingreiðslu að upphæð 20 þúsund krónur. Það er rétt og skylt að halda þessum upplýsingum til haga og fagna allri viðleitni Reykjavíkurborgar til þess að umbuna því fólki sem tekur að sér þessi vandasömu verk sem felast í því að gæta og kenna nemendum á yngsta skólastiginu. Það mun síðan koma í ljós í fyllingu tímans hvort þessi að viðbættum öðrum aðgerðum Reykjavíkurborgar reynast nægar til þess að takast á við manneklunа, sem virðist vera árlegt vandamál og snertir allt samfélagið.**

jonhakon@frettabladid.is

## Lausir kjarasamningar BHM – skýr krafa um afturvirkni



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Sautján aðildarfélög BHM hafa verið með lausa samninga við ríkið frá 1. sept. sl. eða frá því að úrskurður gerðardóms, sem settur var í kjölfar lagasetningar á lögmætar verkfallsaðgerðir, féll úr gildi. Um er að ræða 6.000 starfsmenn á 200 ríkisstofnunum. Hvert félaganna sautján fer með samningsréttinn fyrir hönd félagsmanna sinna.

Það eru um margt óvenjulegar aðstæður uppi í stjórnarráðinu. Ríkisstjórnin er fallin tæpu ári eftir kosningar og boðað hefur verið að nýju til alþingiskosninga. Í þessu róti er mikilvægt að missa ekki sjónar á því mikilvæga verkefni að ná kjarasamningum við BHM-félögin. Af okkar hálfu er skýrt að samningur tekur við af samningi, þ.e.a.s. nýir kjarasamningar þurfa að gilda frá 1. september 2017. Fyrir afturvirkni eru fjölmörg fordæmi og varla þarf að eyða orku samningafólks í að þrasa um sjálfsagða hluti. Það er nóg annað um að ræða við samningaborðið.

Samninganefndir BHM hafa ítrekað bent ríkinu á þann vanda sem skapast þegar launasetning stétta er ólík á milli stofnana, auk þess sem fyrir liggur hvaða ríkisstofnanir eru krónískar láglaunastofnanir og hverjar ekki. Stofnanasamningakerfið stendur víða á brauðfótum. Nýtt lífeyriskerfi opinberra starfsmanna kallar á leiðréttingu launa á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins og enn er krafan um að menntun skuli metin til launa jafn brýn og áður.

Ríkið er stærsti vinnuveitandi landsins en ber einnig ásamt sveitarfélögunum ábyrgð á almannaþjónustu við alla landsmenn á sviði heilbrigðis- og menntamála. Það heldur úti stjórnsýslu og réttarvörslukerfi og ber ábyrgð á uppbyggingu innviða hvort heldur er samgöngum eða sjúkrahúsbyggingum. Það er afar mikilvægt að stjórnvöld hafi vilja og getu til að aðgreina þetta tvíþætta hlutverk hins opinbera sem framkvæmdarvald annars vegar og vinnuveitandi hins vegar í kjaraviðræðum vetrarins.

> **Fyrir afturvirkni eru fjölmörg fordæmi og varla þarf að eyða orku samningafólks í að þrasa um sjálfsagða hluti.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þjóð veit þá þrír vita



Telma Tómasson
sjónvarps- og dagskrárgerðarkona

Fjöldi leikkvenna hefur að undanförnu stigið fram og sakað Weinstein nokkurn, Hollywood karl, um að leita á sig eða ofbjóða kynferðislega án þeirra samþykkis. Ávirðingar kvennanna í Hollý eru engin nýlunda, yfirlýsingar af svipuðum toga eru æ algengari á síðum fjöl- og samfélagsmiðla. Lokið á Pandóruboxinu er að opnast.

Það eru Weinsteinar allt í kringum okkur. „Þjóð veit þá þrír vita,“ hvíslaði virtur kennari og vinur þegar hann ítrekað leitaði á mig 17 eða 18 ára gamla og vildi eiga „ævintýri“ sem þoldi ekki dagsljósið. Reyndar segir málshátturinn úr hinum forna kveðskap Hávamálum: þjóð veit þá þrír eru, en nútímaformið á orðatiltækinu lýsir betur leyndarhjúpnum sem kennarakarlinn vildi sveipa utan um athæfið. Bóndinn sem skreið upp í hjá 15 ára unglingsstúlkunni í skjóli nætur vildi líka „ævintýri“, en ókunnugi maðurinn í boðinu gekk bara hreint til verks, króaði skankalanga stelpuna af úti í horni og virtist slétt sama þótt gestir hans, sem skemmtu sér í næsta herbergi, yrðu hugsanlega vitni að kynferðislegri áreitni miðaldra karls.

**Það eru Weinsteinar allt í kringum okkur. „Þjóð veit þá þrír vita,“ hvíslaði virtur kennari og vinur þegar hann ítrekað leitaði á mig 17 eða 18 ára gamla og vildi eiga „ævintýri“ sem þoldi ekki dagsljósið.**

Oft verður mér hugsað til þess hvað gaf þessum þremur mönnum leyfi til að ganga svona á óþroskaða, unga sál. Menn sem sjálfir áttu dætur. Menn sem sjálfir áttu eiginkonur. Ábyrgð og mannelska fokin út í veður og vind ef þeir aðeins fengju að eiga sitt „ævintýri“ – ísköld hótun um kynferðislega nauðung, sem stal traustinu og kom sér tryggilega fyrir í hjartafylgsnum stúlkunnar. Til allrar hamingju hafði hún bein í nefinu og nægan kraft til að gefa þeim langt nef og koma þannig í veg fyrir frekari sálarskaða. Kuldinn sat samt eftir og karlarnir áttu þögnina vísa. Þar til nú.

Langflestir fordæma hegðun kynlífsrándýra, en aðeins sumir orða það upphátt. Þessir sumir eru yfirleitt konur og þótt undantekningin sanni regluna, þá kjósa langflestir karlar að líta undan. Þögnin er á köflum ærandi og þá er spurt: af hverju? Er þetta einbeittur brotavilji, þögul samantekin ráð? Varla. Skammast þeir sín fyrir kynbræður sína, en þora ekki að nefna það af ótta við að vera stimplaðir og útskúfaðir úr karlaklúbbnum? Kannski. Eða er hugsanlegt að það sé ómeðvitað innprentað í undirmeðvitund samfélags okkar og menningu að karlmenn megi athugasemdalaust leita á stúlkur og konur á óviðeigandi hátt, kúga og valdbeita? Leynilegur kóði meitlaður í spjöld sögunnar.

Slíkri hugsanavillu þarf að breyta, sé það reyndin. Þá er gott að vita til þess að Weinsteinar þessa heims eru í minnihluta og okkar traustu strákar í miklum meirihluta. Strákarnir sem við elskum að elska. Því hef ég fulla trú á sonum, bræðrum, feðrum, frændum og öfum þessa lands að stökkva á vagninn. Standið með dætrum ykkar, systrum, mæðrum, vinkonum, frænkum og eiginkonum. Standið með réttlæti. Mótmælið þöggun og ofbeldi. Strákar, hafið hátt.

# Um okkar dönsku stjórnarskrá



Hans Kristján Árnason
hagfræðingur

Árið 1849 var stjórnarskrá Danaveldis samin og samþykkt – eftir borgarastríð milli þjóðarinnar og konungsvaldsins. Með stjórnarskránni var m.a. komið á fulltrúalýðræði og þingið fékk þau völd sem konungur áður hafði. Þá fengu aðeins 15% Dana rétt til að kjósa – en m.a. konur og eignalaust fólk öðlaðist ekki þann rétt.

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands er skilgetið afkvæmi dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849. Þó komu Íslendingar hvergi nærri samningu þeirrar stjórnarskrár. Hún var samin og samþykkt af Dönum, ekki Íslendingum.

Núverandi stjórnarskrá var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu vorið 1944 af nærri 99% kjósenda. Hún var í meginatriðum byggð á dönsku stjórnarskránni frá 1849, en í stað konungs kom forseti. Þjóðin kom samt hvergi nærri samningu þessara grundvallarlaga lýðveldisins, sem voru alfarið í höndum alþingis.

**Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands er skilgetið afkvæmi dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849. Þó komu Íslendingar hvergi nærri samningu þeirrar stjórnarskrár.**

NÝJA STJÓRNARSKRÁIN er hins vegar samin af almenningi og samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu þann 20. október 2012. Afturhaldsöflin á Alþingi hafa samt hundsað vilja þjóðarinnar og neitað að fullgilda hana.

En vitaskuld kemur að því að við fáum okkar nýju stjórnarskrá – og það fyrr en síðar.

Íbúðalánasjóður
Velferðarráðuneytið

# HÚSNÆÐISÞING 16.10.2017

Mánudaginn 16. október standa Íbúðalánasjóður og velferðarráðuneytið fyrir fyrsta árlega húsnæðisþinginu hér á landi. Þingið verður haldið á Hilton Nordica við Suðurlandsbraut frá kl. 10:00–16:30.

**Vinnustofur**

| | |
|---|---|
| 10:00 | **Fundarstjóri opnar daginn**<br>Brynja Þorgeirsdóttir, fundarstjóri |
| 10:05 | **Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga**<br>Sigrún Ásta Magnúsdóttir, verkefnastjóri húsnæðisáætlana hjá ÍLS |
| 10:25 | **Umræður í sal** |
| 10:50 | **Kaffihlé** |
| 11:00 | **Húsnæðissáttmáli: Aðgerðir í húsnæðismálum**<br>Guðrún Ingvarsdóttir, verkefnastjóri Húsnæðissáttmála hjá velferðarráðuneytinu |
| 11:15 | **Byggingagátt: Hvers vegna, hvenær og hvernig?**<br>Jón Guðmundsson, fagstjóri bygginga hjá Mannvirkjastofnun |
| 11:30 | **Hvernig fáum við sem flestar íbúðir fyrir 80 milljarðana?**<br>Elmar Erlendsson, byggingafræðingur á húsnæðissviði ÍLS |
| 11:40 | **Umræður í sal** |
| 12:00 | **Hádegishlé**<br>Veitingar verða seldar á ráðstefnusvæðinu og einnig er hægt að bóka borð á Vox |

**Húsnæðisþing**

| | |
|---|---|
| 13:00 | **Opnunarávarp ráðherra húsnæðismála**<br>Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra |
| 13:15 | **Er aðgangur að húsnæði mannréttindi?**<br>Hermann Jónasson, forstjóri ÍLS |
| 13:55 | **Hvernig horfir húsnæðisvandinn við sveitarfélögum?**<br>Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga |
| 14:10 | **Leigumarkaðurinn: Nauðsyn eða val?**<br>Una Jónsdóttir, hagfræðingur í hagdeild ÍLS |
| 14:30 | **Að komast yfir þröskuldinn: Fólk talar um húsnæðisvandann**<br>Örinnlegg frá einstaklingum sem hafa staðið frammi fyrir húsnæðisvanda |
| 14:50 | **Kaffihlé** |
| 15:05 | **Fólk með hamar og sög**<br>Örinnlegg frá einstaklingum og félögum sem eru að byggja |
| 15:30 | **Umræður í sal** |
| 15:55 | **Samantekt fundarstjóra** |
| 16:00 | **Er vandinn að leysast?**<br>Pallborðsumræður |
| 16:30 | **Kokteill** |



Brandenburg | SÍA

# Nýjar og skapandi áherslur í heilsugæslu

2017



**Óttar Proppé**
heilbrigðisráðherra

**Næsti áfangi er að bæta sálfræðiþjónustu við fullorðna og þar verður bætt verulega í á næstu misserum samkvæmt geðheilbrigðisáætlun og fjármálaáætlun.**

Öflug heilsugæsluþjónusta er máttarstólpi góðrar heilbrigðisþjónustu og það er áríðandi að halda áfram að styrkja heilsugæslu sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu.

Í starfi mínu sem heilbrigðisráðherra hef ég lagt áherslu á að efla heilsugæsluna meðal annars með því að halda áfram að fjölga nýjum faghópum heilbrigðisstétta í framlínu þjónustunnar. Það hefur gengið mjög vel að bæta geðheilbrigðisþjónustu við börn með fjölgun sálfræðinga í heilsugæslu um land allt. Næsti áfangi er að bæta sálfræðiþjónustu við fullorðna og þar verður bætt verulega í á næstu misserum samkvæmt geðheilbrigðisáætlun og fjármálaáætlun.

Til að bæta enn frekar þjónustu heilsugæslunnar liggur fyrir í fjármálaáætlun að fjölga næringarfræðingum og sjúkraþjálfurum til þess að mæta þörfum einstaklinga t.d. vegna lífsstílsvanda eða stoðkerfisvanda. Fyrsti áfanginn hér er þróunarverkefni um þjónustu næringarfræðinga á nokkrum heilsugæslustöðvum.

Enn einn liður til að bæta upplýsingar og aðgengi að þjónustu heilsugæslunnar er ný gagnvirk heimasíða www.heilsuvera.is með upplýsingum um ýmis heilbrigðismál og ráðgjöf um þjónustuna sem í boði er. Síðan er síkvik og í stöðugri þróun og mun bæta verulega upplýsingaflæði til einstaklinga og ráðgjöf um kerfið sem mikið hefur verið kallað eftir undanfarið.

Heilsugæslustöðvar hérlendis voru fyrst settar á um miðjan níunda áratuginn og fylgdu alþjóðlegri þróun um aukna áherslu á forvarnir, heilsugæslu og eflingu lýðheilsu. Ég hef sem heilbrigðisráðherra lagt áherslu á að fylgja þessari þróun eftir með enn þá meiri áherslu á heildræna nálgun, þjónustu sem veitt er af þverfaglegu teymi, með því að nýta mun betur rafræna upplýsingamiðlun og margs konar möguleika fjarheilbrigðisþjónustu.

Með aukinni áherslu á rafræn samskipti og nýtingu tækni til meðferðar og upplýsingamiðlunar má til dæmis bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu í gegnum samskipti á vefnum og ráðgjöf til einstaklinga í heimahúsi. Mörg verkefni á þessu sviði eru nú þegar hluti af heilbrigðisþjónustunni og í nýrri fjármálaáætlun eru áform um enn frekari þróun á þessu sviði sem bætir gæði þjónustunnar og eflir möguleika einstaklinganna til heilsueflingar og bættra lífsgæða.

# Ályktanir um Evrópumál



**Jón Sigurðsson**
fv. skólastjóri



Fyrir nokkru birtist grein eftir mig um stöðu Evrópumála (Fréttabl. 27. sept.). Nú hefur Þröstur Ólafsson hagfræðingur andmælt ályktunum mínum (Fréttabl. 10. okt.). Reyndar held ég að við Þröstur séum sammála um margt í þessum efnum, en ég dreg aðrar ályktanir en hann um sumt, og að einhverju leyti hef ég gefið honum tilefni til andmæla.

Ég álykta að miklar tafir verði á hugsanlegri aðildarumsókn Íslendinga að Evrópusambandinu (ESB), og að fyrri umsókn sé í raun úr sögunni. Ég álykta að ESB hafi að mörgu öðru að huga en nýjum aðildarumsóknum og hafi ýtt þeim til hliðar. Og ég held því fram að flestir áhugamenn hérlendis um ESB-aðild vilji bíða og sjá hvað verður um Brexit áður en lengra verður haldið.

En auðvitað er hér aðeins um ályktanir að ræða. Ef til vill álykta ég of sterkt og geri of mikið úr vandamálum og andstreymi. En slík álitamál þarf að ræða af raunsæi.

Um margt erum við Þröstur á einu máli. Báðir gerum við okkur grein fyrir veikleikum og viðkvæmni íslensku krónunnar og fyrir áhrifum hennar á þá almennu kjaraskerðingu sem varð við gengisfall og hrun lánakerfisins þegar fjármálakerfið kolféll. Báðir teljum við aðild að ESB áhugaverðan kost. Og báðum er ljóst að um valkosti er að ræða en ekki nauðung. Þresti mislíkar að ég geri nokkuð úr þjóðrækni, fullveldi þjóðríkja og forræði þeirra í málum ESB. En ESB er samband fullvalda þjóðríkja, og ég nefni nokkur atriði því til staðfestu í þessari grein minni. Reyndar má fullyrða að ESB sé virkasta vörn evrópskra þjóðríkja í veröld ofurstórvelda, alþjóðaþróunar og samþættingar. Í grein minni nefni ég beinlínis svonefndan „lýðræðishalla“ þessu til áréttingar.

Áður hefur verið bent á að þjóðernishyggja er af mörgu tagi, og til er frjálshuga hófsöm þjóðernishyggja (stundum kölluð „þjóðhyggja“ til aðgreiningar). Í regluverki ESB er að finna mjög víðtækar aðgerðir til varnar þjóðtungum, þjóðmenningu og fjölbreytni samfélaga. Þjóðrækni, þjóðhyggja og aðild að ESB eru alls ekki andstæður.

Í grein minni nefni ég málflutning stjórnvalda í Póllandi og Ungverjalandi. Svo getur farið að áróðurstækni verði áfram beitt í þessum löndum til að auka þar andúð og sundrungarvilja. Og ESB stendur líka frammi fyrir miklum vanda í Skotlandi og Katalóníu, – einmitt vegna þess að það er samband fullvalda þjóðríkja. Því verður ESB að koma fram fyrir þeirra hönd andspænis skoskum og katalónskum almenningi. Slíkt getur litið illa út í íslenskum augum.

Þröstur virðist óánægður með að ég tel „gild rök með og móti aðild“ Íslendinga að ESB.

En þetta tel ég kjarna málsins: Ekki er unnt með ábyrgu móti að taka endanlega afstöðu til aðildar Íslendinga að ESB fyrr en frumvarp að aðildarsamningi liggur fyrir. Í þessu eru fjölmörg hagsmuna- og réttindamál sem leysa þarf úr fyrst, og í því sambandi minni ég á merka ályktun flokksþings Framsóknarmanna 2009 sem enn er í fullu gildi.





# ⏩ Kjósum betra líf

▸ Starfsumhverfi ▸ Innviðir ▸ Menntun ▸ Nýsköpun

## SI fundar með forystufólki stjórnmálaflokkanna

í Kaldalóni í Hörpu á morgun, þriðjudaginn 17. október kl. 8.30-10.00

Samtök iðnaðarins vilja leggja sitt af mörkum til umræðunnar í aðdraganda kosninga og vekja athygli á þeim málefnum sem brýnust eru fyrir samkeppnishæfni íslensks iðnaðar. Málefnin verða til umræðu á opnum fundi með forystufólki stjórnmálaflokkanna á morgun.

Verðmætasköpun sem byggir á öflugu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífskjara. Samtök iðnaðarins, sem hreyfiafl í íslensku samfélagi, vilja vinna með stjórnvöldum að umbótum til hagsbóta fyrir iðnaðinn, atvinnulífið og almenning í landinu. Miklu máli skiptir að ákvarðanir nýrra stjórnvalda leiði til umbóta á Íslandi, bæði fyrir fólk og fyrirtæki. Samkeppnishæft og stöðugt starfsumhverfi, öflugir innviðir, menntun og nýsköpun eru grunnur fyrir framþróun lífskjara hér á landi. Með árangri á þessum sviðum má áfram skapa Íslandi sæti í fremstu röð þeirra landa þar sem best er að búa.



### Dagskrá

- **Ávarp og setning fundarins** – Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI



- **Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar** – Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI
- **Forystufólk flokkanna í pallborði** – Umræðum stýrir framkvæmdastjóri SI



**Framsóknarflokkur**
Lilja Dögg Alfreðsdóttir



**Björt framtíð**
Björt Ólafsdóttir



**Sjálfstæðisflokkur**
Sigríður Á. Andersen



**Píratar**
Helgi Hrafn Gunnarsson



**VG**
Katrín Jakobsdóttir



**Samfylking**
Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir



**Miðflokkurinn**
Bergþór Ólason



**Flokkur fólksins**
Ólafur Ísleifsson



**Viðreisn**
Hanna Katrín Friðriksson

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Boðið er upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00.

**Skráning á www.si.is**

SI Samtök iðnaðarins

# Táraðist næstum því í leikslok eftir ógeðslega erfitt ár

**Dagný Brynjarsdóttir vann sinn ellefta stóra titil á ferlinum um helgina þegar hún varð bandarískur meistari með Portland Thorns. Hún er fyrsti Íslendingurinn sem verður bandarískur meistari í fótbolta.**



Dagný Brynjarsdóttir í leik með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Dagný Brynjarsdóttir varð meistari í þriðja landinu á laugardagskvöldið þegar hún og félagar hennar í liði Portland Thorns tryggðu sér bandaríska meistaratitilinn með 1-0 sigri á deildarmeisturum North Carolina Courage í úrslitaleik.

Dagný hafði áður orðið Íslandsmeistari í fjórgang og svo þýskur meistari með Bayern München. Þá bættist hún í hóp þeirra leikmanna sem hafa bæði unnið meistaratitilinn í háskóladeildinni og atvinnumannadeildinni.

Árið sem hún byrjaði, meidd og í algjöri óvissu, er því að enda frábærlega og íslenska landsliðskonan segist loksins vera búin að ná fullum styrk eftir meiðslin.

**Meidd í nokkra mánuði**

„Við kláruðum þetta og þetta var mjög ljúft. Næstum því helmingurinn af liðinu þeirra er jafnstór og ég og þær dældu boltum inn í teig. Það lá svolítið á okkur en við kláruðum þetta,“ sagði Dagný um úrslitaleikinn en það hefur líka reynt mikið á íslensku landsliðskonuna í ár.

„Þetta er búið að vera ógeðlega erfitt ár fyrir mig. Ég var meidd í nokkra mánuði og það var ekki víst hvort ég myndi ná EM. Svo náði ég EM og núna er ég loksins upp á mitt besta eftir að vera búin að ná því að spila í nokkra mánuði,“ segir Dagný. Hún var þarna að vinna sinn ellefta stóra titil á ferlinum og þekkir því vel að vera með gull um hálsinn.

**Þessi er risastór**

„Vonandi heldur þetta bara áfram svona þangað til ég hætti. Maður er ekkert að hata þetta. Ég er í þessu til að vinna titla og þetta er geggjað,“ segir Dagný en er þessi titill eitthvað öðruvísi en allir hinir?

„Auðvitað er þessi risastór. Margir af bestu leikmönnunum í heimi spila í þessari deild og mér finnst þetta klárlega vera erfiðasta deildin sem ég hef spilað í. Ég held samt að það sé sama hvaða titil maður vinnur því þetta er alltaf jafn sætt,“ segir Dagný en bætir við: „Af því að þetta er búið að vera erfitt ár þá var þessi kannski extra sætur. Ég er ekki mikið að grenja fyrir framan fólk en ég átti erfitt með mig eftir leik. Ég viðurkenni alveg að ég þurfti að halda aftur af tárunum,“ segir Dagný.

Já, árið 2017 er búið að reyna á þessa 26 ára gömlu knattspyrnukonu. „Á tímabili vissi ég hvort ég gæti spilað fótbolta á árinu. Það fann enginn út hvernig ég átti að verða betri en einhvern veginn fór þetta að koma. Þá varð ég að koma mér aftur í gang því ég var frá í fimm mánuði. Það tók sinn tíma að koma sér aftur af stað,“ segir Dagný.

„Ég var klár fyrir EM en ég var ekki upp á mitt besta. Ég hef aldrei spilað ár sem hefur tekið eins mikið á og þetta, bæði fótboltalega og líkamlega. Þetta er búið að vera erfitt en ég er með góðan stuðning heima í vinum og fjölskyldu og liðsfélögum. Það er búið að hugsa vel um mig,“ segir Dagný og nefnir líka landsliðið og gamla þjálfarann hennar heima á Íslandi.

Hún horfir til næstu landsleikja og undankeppni HM og segir að árangur karlalandsliðsins og farseðill þeirra á HM í Rússlandi gefi stelpunum aukinn kraft.

**Ef þeir geta það þá getum við**

„Karlarnir náðu þessu eftir að hafa verið í erfiðum riðli það gefur okkur trú. Ef þeir geta þetta þá eigum við alveg að geta þetta. Vonandi tökum við þrjú stig í báðum þessum landsleikjum og þá fer ég virkilega sátt í smá frí,“ segir Dagný en segist þó ekki þurfa langt frí. „Ég byrjaði ekki að æfa á fullu fyrr en í lok maí. Ég þarf nú varla neitt frí. Ég get beðið eftir að komast heim og fara á aukaæfingar. Ég er strax byrjuð að semja við þjálfarana heima um að taka mig á aukaæfingar,“ segir Dagný að lokum. **ooj@frettabladid.is**




## 11 stórir titlar Dagnýjar Brynjarsdóttur

**2007** Íslandsmeistari með Val
**2008** Íslandsmeistari með Val
**2009** Íslandsmeistari og bikarmeistari með Val
**2010** Íslandsmeistari og bikarmeistari með Val
**2011** Bikarmeistari með Val
**2014** Bandarískur háskólameistari með Florida State
**2015** Þýskur meistari með Bayern München
**2016** Deildarmeistari með Portland Thorns
**2017** Bandarískur meistari með Portland Thorns

## Þjálfarinn hló ekki að brandara Dagnýjar

Dagný Brynjarsdóttir er fjölhæfur leikmaður sem getur spilað margar stöður á vellinum þótt að hún vilji sjálf helst vera inn á miðjunni. Þennan hæfileika hennar hefur Mark Parsons, þjálfari Portland Thorns, nýtt sér til hins ýtrasta. „Ég var að spila í dag sem vængbakvörður,“ sagði Dagný um hennar hlutverk eftir að hún kom inn á í úrslitaleiknum.

„Ég er búin að spila í öllum stöðum nema í marki. Ég grínaðist með það á æfingu í fyrradag og spurði þjálfarann hvort að ég væri ekki örugglega þriðji markvörður,“ sagði Dagný hlæjandi en bætti svo við: „Þjálfaranum fannst það ekki mjög fyndið en liðsfélögunum mínum fannst það fyndið,“ sagði Dagný.

## Fórnaði sigurveislunni fyrir íslenska landsliðið

Dagný Brynjarsdóttir gat ekki tekið þátt í sigurveislunni heima í Portland því hún var strax komin með hugann við tvo mikilvæga leiki íslenska landsliðsins í undankeppni HM. Dagný fékk reyndar að taka þátt í smá fögnuði í Orlando eftir leikinn en svo flaug allt Portland-liðið heim. „Ég fæ að njóta síðustu klukkutímanna í Flórída. Kærastinn minn er hérna og ég á svo flug í gegnum Ísland klukkan sjö annað kvöld (í gær). Ég verð í klukkutíma á Íslandi og svo flýg ég til Frankfurt á mánudagsmorgni (í morgun),“ segir Dagný.

„Það eru svakalegir leikir fram undan hjá okkur í landsliðinu. Þó að maður hefði alveg viljað vera hér úti í fögnuðinum þá er mikilvægt að ég komist sem fyrst til Evrópu upp á að venjast tímamismuninum svo ég verði fersk þegar ég hitti landsliðið og svo er stutt í landsleikinn á föstudaginn,“ segir Dagný.

## Nýjast

**FH ÁFRAM EFTIR FRAMLENGINGU**

FH-ingar komust í gær áfram í EHF-bikar karla í handbolta eftir mikla dramatík og framlengdan seinni leik á móti liði Sankti Pétursborgar úti í Rússlandi. FH tapaði reyndar 37-33 í gær en vann 65-64 samanlagt. FH vann fyrri leikinn 32-27 en Rússarnir unnu seinni leikinn með sama mun og því þurfti að framlengja. FH-liðið vann framlenginguna 6-5 og tryggði sæti í þriðji umferð forkeppninnar. Ágúst Elí Björgvinsson varði frábærlega á úrslitastundu í lokin og Einar Rafn Eiðsson innsiglaði sætið í næstu umferð í næstu sókn með sínu áttunda marki í leiknum. Nýi landsliðsmaðurinn Gísli Þorgeir Kristjánsson átti mjög góðan leik og skoraði sex mörk eins og Ísak Rafnsson.

**Þvílíkt lið!!! Rússarnir Sigraðir! Bring on Europe!!! Geggjaðir FH ingar.**

Tryggvi Rafnsson
@tryggvi_th

**Risa hrós á FH fyrir að klára þetta. Andlega hliðin vel stillt í erfiðum útileik.**

Ásgeir Jónsson
@sonurjons

**ÓLAFUR OG ÓLI SKRIFUÐU UNDIR**



Pepsi-deildarliðin FH og Grindavík gengu um helgina frá þjálfaramálum sínum um helgina. Ólafur H. Kristjánsson er kominn aftur í Kaplakrika eftir 22 ára fjarveru en þegar hann yfirgaf félagið 1995 þá var fyrirliði og þriðji leikjahæsti leikmaður félagsins. Ólafur tekið við liði FH af Heimi Guðjónssyni sem vann sex stóra titla á tíu árum og endaði bara einu sinni utan topp tvö. Ólafur gerði þriggja ára samning. Óli Stefán Flóventsson framlengdi samning sinn við Grindavík um tvö ár. Óli Stefán hefur komið að þjálfun Grindavíkur í þrjú ár, fyrst sem aðstoðarþjálfari hjá Tommy Nielsen og síðan sem aðalþjálfari frá haustinu 2015.

**EVRÓPUGULL ÞRIÐJA ÁRIÐ Í RÖÐ**

Fanney Hauksdóttir varð um helgina Evrópumeistari í bekkpressu þriðja árið í röð þegar hún vann 63 kílóa flokk á Evrópumeistaramótinu í bekkpressu á La Manga á Spáni. Fanney lyfti nokkuð auðveldlega 155 kg í fyrstu tilraun, sem gaf henni öruggt forskot á næsta keppanda. Hún reyndi svo tvívegis við bætingu á Norðurlandametinu með 160 kg, en náði því ekki. Þetta eru tíundu verðlaun Fanneyjar á EM og HM í bekkpressugrein frá því að hún hóf að keppa á alþjóðamótum árið 2013. Hún hefur á þessum fjórum árum unnið fern gullverðlaun og þrenn silfurverðlaun í opnum aldursflokki og tvenn gullverðlaun og ein bronsverðlaun í flokki unglinga.



# Fólk

Tónlist

MÁNUDAGUR 16. OKTÓBER 2017




Joseph Cosmo Muscat er maðurinn á bak við SEINT. MYND/ANTON BRINK

# Einlægni er nýi töffaraskapurinn

Joseph Cosmo Muscat er margreyndur tónlistarmaður sem flytur tónlist undir nafninu SEINT. Hann segir að tónlistin spretti frá líðan sinni og vonar að aðrir geti fundið sig í tilfinningum sem hann túlkar. Fráfall eins besta vinar hans er umfjöllunarefni næstu plötu. ➜2

Hreinsum stóla, sófa, dýnur-rúm og margt fleira!
Myglu þrif og lyktareyðing á öllum ökutækjum og oson meðfreð ef þess þarf.


Húsgagnahreinsunin ehf.
Við erum á facebook
Eldshöfði 8, 110 Rvk. S: 577-5000

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Framhald af forsíðu

Joseph Cosmo Muscat hefur vakið athygli undanfarið með tónlist sem hann gefur út undir nafninu SEINT. Hann hefur mikla reynslu úr þungarokki og rappi en seinustu þrjú ár hefur hann búið til sína eigin stefnu sem kölluð er „Post Pop“ eða „heimsendapopptónlist“. Hann vinnur nú í þriðju plötu SEINT, sem fjallar um fráfall eins besta vinar hans, sem framdi sjálfsvíg í sumar.

„Móðir mín hefur verið að semja lög síðan ég man eftir mér, þannig að tónlist hefur alltaf verið mikill hluti af lífi mínu,“ segir Joseph. „Ég ólst uppi í Breiðholti í kringum alkóhólisma og mikla fátækt. Þar af leiðandi fór ég mjög snemma að hlusta á beitta tónlist á borð við amerískt hip hop og seinna þungarokk. Það var ákveðið frelsi í að setja á sig heyrnartólin og hækka. Auk þess tengdi ég mikið við tilfinninguna í þessum tónlistarstefnum.“

## Fór snemma að spila

Joseph segir að sig hafi alltaf langað að útsetja og semja lög. „Mamma sendi mig að læra á fiðlu til að byrja með. En þegar ég var orðinn 13 ára kynntist ég strákum sem eru enn vinir mínir í dag og við stofnuðum svo harðkjarna metalsveitina Brothers Majere,“ segir Joseph. „Ég tók upp bassann. Þar byrjaði maður að semja.“

Á unglingsárunum þróaðist tónlistarsmekkurinn og Joseph færði sig frá klassísku þungarokki yfir í harðkjarna pönk. Þegar Brothers Majere hætti tók harðkjarnasveitin Celestine fljótlega við. „Um 2006-2007 stofnaði ég Celestine og var í því bandi þangað til við hættum 2013,“ segir Joseph. „Um svipað leyti og Celestine var að gefa út sína fyrstu plötu uppgötvaði ég Nine Inch Nails og áttaði mig á að tónlist um tilfinningar þyrfti ekki að vera væmin. Það opnaði nýja vídd fyrir mér.“

„Um þetta leyti söng ég fyrst inn á upptöku. Þó ég hafi örugglega samið svona þúsund lög man ég eftir þessu lagi enn í dag. Það var hryllingur,“ segir Joseph og hlær. „Þá fyrst fór ég að hugsa um að syngja, en ég var á fullu með Celestine og við vorum að gera frekar góða hluti, svo það beið. Við gáfum út tvær plötur á mjög stuttum tíma og fórum í tónleikaferðalag um Danmörku og Þýskaland. Á sama tíma var ég fenginn til liðs við harðkjarnahljómsveitina I Adapt og fór í tónleikaferðalag um Bandaríkin. Þetta var allt að gerast svo hratt á þessum tíma, enda var ég kornungur og æstur í þetta, bara 18 ára og með framtíðina fram undan. En svo urðu endalaus meðlimaskipti í Celestine og menn vildu fara í ólíkar áttir og urðu uppteknir við ýmislegt annað. Það hægði á okkur á endanum.“

## Frá rokki í rapp

Um 2009 fór Joseph að fikra sig áfram í rappi. „Vinir mínir, Ómar, sem var líka í Celestine, og æskuvinur minn, Karl Ólafur, sem er búinn að vera rappari síðan hann var polli, voru í hip hop sveitinni Rímnaríki og þeir höfðu verið að búa til lög í gegnum árin,“ segir Joseph. „Ég hef alltaf litið á mig sem tónlistarmann og ekki viljað vera bundinn við einhverja eina tegund af tónlist, þannig að ég ákvað að byrja að skrifa rímur og rappa.“



Joseph hefur komið víða við í tónlistinni. MYND/ANTON BRINK



Gói, vinur Josephs, söng tvö lög með SEINT á tónleikum. MYND/GRÉTAR MAR

„Á þessum tíma kom út tímamótaverk sem hafði djúpstæð áhrif á mig, 808s and Heartbreak með Kanye West,“ segir Joseph. „Þessi plata sprengdi svolítið kertin í hausnum á mér. Þegar ég heyrði þessa plötu hugsaði ég: „Þessi gaur er listamaður. Rapp þarf ekki einungis að snúast um að upphefja eigið egó, þetta er líka hrein tjáning.““

„Þá var autotune-ið að byrja í Bandaríkjunum en var ekki komið í notkun hér. Ég held að ég sé ekki að ljúga þegar ég segi að Rímnaríki hafi gert fyrsta autotune lagið á Íslandi, sem heitir Utopia.“

„Ég get ekki sungið staka nótu til að bjarga lífi mínu en þarna fór ég að gera tilraunir með autotune og búa til karakter út frá effektum, sem á endanum gerði mér kleift að skapa heim SEINT,“ segir Joseph. „Það var langt ferðalag frá þungarokkinu yfir í þetta form og maður þurfti að læra að framleiða tónlistina alla sjálfur frá grunni. Margir í kringum mann voru líka svolítið gáttaðir á því hvað maður væri að gera. Þegar fólk er vant einhverju einu frá þér og þú gerir eitthvað nýtt skilja ekki endilega allir aðilar alveg hvert þú ert að fara.“

## Enn að finna hljóminn

„Ég sem rosalega mikið út frá því hvernig mér líður,“ segie Joseph. „Ég hef alltaf verið trúaður og þó að tónlistin sé ekki trúarlegs eðlis er andrúmsloftið og skilaboðin kannski í þá átt. Hún er ekki um eitthvað efnislegt og mér líður eins og tónarnir og flæðið komi annars staðar að og fari í gegnum mig.“

„Einlægnin er nýi töffaraskapurinn að mínu mati,“ segir Joseph. „Mannkynið er að færast meira í áttina að skynsemi og kærleika og fólk hefur opnari hug. Maður er bara að reyna að finna hið góða í sjálfum sér jafnt sem öllum öðrum. Ég sé tónlistina sem framlengingu á þeirri hugsjón. Maður býr til ákveðna frásögn sem aðrir geta speglað sig í. Þó þetta fjalli um mínar upplifanir og sé allt mjög persónulegt getur fólk fundið sig í tilfinningunni og skilgreint hana á sinn eigin hátt.“

„Ég fjalla um visku, ást, skilning og æðruleysi en á sama tíma að hafa fokking gaman af þessu,“ segir Joseph „Það má segja að það sé stemningin þegar ég er að semja, skemmtilegur alvarleiki.“

„Eftir að lagið Post Pop kom út fékk ég mjög jákvæð viðbrögð. Svo hefur þetta vaxið síðan,“ segir Joseph. „Maður er kominn með nokkra aðdáendur sem mæta reglulega á tónleika og fylgjast með manni. Það er mjög jákvætt og hvetjandi. Þó maður sé bara að gleðja nokkra aðila er það þess virði.“

SEINT spilaði á Secret Solstice í sumar og spilar fimm sinnum á off-venue hluta Iceland Airwaves í næsta mánuði. „Það er bara rétt rúmt ár síðan ég byrjaði að spila á tónleikum sem SEINT þannig að þetta er enn þá frekar nýtt fyrir mér. Maður en enn að kynnast fólki í bransanum, kynna verkefnið, semja efni og finna hljóminn. Núna fila ég að reyna að gera tónlistina aðeins tærari og aðgengilegri en áður.“

SEINT hefur unnið ábreiður af lögum eftir þekkta popptónlistarmenn. „Ég byrjaði á að sampla stærri listamenn en svo leiddi eitt af öðru og á endanum gerði ég ábreiður,“ segir Joseph. „Ég var að gefa út ábreiðu af Rihönnu-lagi og ætla að gefa út aðra ábreiðu af Maroon 5 lagi núna fyrir Airwaves.“

Joseph hefur ekki fengið viðbrögð frá þessum listamönnum. „En ef ég fæ kæru einn daginn þá er það bara góð kynning,“ segir hann léttur.

## Vinurinn semur í gegnum hann

Þriðja plata SEINT er í vinnslu. „Nýja platan er tileinkuð Góa vini mínum sem svipti sig lífi í sumar. Ég bjó með honum frá því í janúar þar til í maí á þessu ári, þannig að ég var mikið með honum undir lokin,“ segir Joseph. „Hann barðist við alkóhólisma árum saman, svo maður hafði alltaf áhyggjur af því að þetta yrði honum að falli á endanum.“

„Þetta var frekar mikið helvíti,“ segir Joseph. „Þetta var svo góður strákur, virkilega falleg sál og flinkur listamaður. Við í vinahópnum höfum alltaf talað um að hann væri hæfileikaríkastur af okkur öllum. En ljósið í þessu öllu er að hann skildi eftir sig ógrynni af fallegri tónlist áður en hann fór, þar á meðal tíu lög sem verða gefin út á næsta ári sem hann samdi með æskuvini okkar beggja Grétari Mar.“

„Titillinn á nýju plötunni kom tveimur dögum áður en Gói svipti sig lífi. Þá vissi ég ekki um hvað platan myndi fjalla,“ segir Joseph. „En ég gerði titillagið, sem heitir The World is not Enough. Svo tveimur dögum seinni vissi ég um hvað platan væri. Ég lít þannig á að þar sé verið að segja mér eitthvað. Svo samdi ég annað lag sem er hans sjónarhorn gagnvart mér meðan á okkar sambúð stóð og það kom bara að handan. Ég er nokkuð viss um að hann hafi samið það í gegnum mig rétt áður en hann fór aftur í andaheiminn. Gói mun ávallt vera partur af SEINT eftir þetta. Tenging okkar rofnar aldrei eftir þetta.“

„Nýja platan kemur líklega út eftir áramót og ég ætla að gera epískt tónlistarmyndband fyrir hana áður en hún kemur út,“ segir Joseph. „Þetta er allt í vinnslu núna.“

## Mikilvægt að elska sjálfan sig

Joseph segir að það séu ýmsar leiðir til að hjálpa fólki í kringum sig að líða betur. „Við verðum að hlusta á hvert annað og taka mark á því ef fólki líður illa,“ segir hann. „Ég mæli sterklega með að fólk elski sjálft sig og fari vel með sig. Þá fyrst geturðu haft jákvæð áhrif á aðra í kringum þig og þar af leiðandi hjálpað öðrum að yfirstíga erfiðleika sína.“

„Við speglum okkar innri veruleika út á við og ef við búumst við því versta frá öllum er það líklega það sem kemur til baka,“ segir Joseph. „Bara það að heilsa, brosa og spyrja hvernig fólk hefur það getur breytt öllu. Sumum líður eins og öllum sé sama um sig. Það er mikilvægt að sýna gott fordæmi og koma fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig.“




VILTU HALDA VEISLU?

JÓLAHLAÐBORÐ
FERMINGAR
BRÚÐKAUP
ÁRSHÁTÍÐIR
ERFIDRYKKJUR
FUNDIR
RÁÐSTEFNUR
AFMÆLI

EFRI SALURINN ER LAUS FYRIR ÞIG ...

SÓLON BISTRO • BAR

BANKASTRÆTI 7A - 101 REYKJAVÍK - S. 562 3232

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Fasteignir.is

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ

42. TBL. MÁNUDAGUR 16. OKTÓBER 2017





**Sigurður Samúelsson** Lögg. fast. og eigandi sigurdur@landmark.is sími 896 2312

**Þórarinn Thorarensen** Sölustjóri og eigandi th@landmark.is sími 770 0309

[illegible]

**Andri Sigurðsson** Lögg. fast. og eigandi andri@landmark.is sími 690 3111

**Sveinn Eyland** Lögg. fast og eigandi sveinn@landmark.is sími 690 0820

**Kristján Ólafsson** Löggiltur fast. kol@landmark.is sími 512 4900

**Nadia Katrín Banine** Löggiltur fast. nadia@landmark.is sími 692 5002

**Benedikt Ólafsson** Í námi til lögg. /eigandi bo@landmark.is sími 661 7788

**Ingibjörg A. Jónsdóttir** Löggiltur fast. inga@landmark.is sími 897 6717

**Eggert Maríuson** Í námi til löggildingar eggert@landmark.is sími 690 1472

**Jóhanna Gustavsdóttir** Í námi til löggildingar johanna@landmark.is sími 698 9470

**Helga Snorradóttir** Skrifstofa/skjalavinnsla landmark@landmark.is sími 512 4900

**Guðrún D. Lúðvíksdóttir** Skrifstofa/ í námi til lögg. gudrun@landmark.is sími 512 4900

**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir** Löggiltur fast. asdis@landmark.is sími 895 7784

LANDMARK / SMÁRINN | Hlíðasmára 2 | 201 Kópavogur | Sími 512 4900 | www.landmark.is

LANDMARK SMÁRINN

Sameinumst og eflum liðsheild með aukinni reynslu og þekkingu





## Elín Viðarsdóttir

Löggiltur fasteignasali

+354 695 8905

## Ertu í fasteignahugleiðingum?

Nú er rétti tíminn til að hugsa sér til hreyfings.

**Vantar allar gerðir eigna á skrá**

Áralöng, dýrmæt og góð reynsla í fasteignaviðskiptum. Ég stend við bakið á þér alla leið.

**Nánari upplýsingar í síma 695 8905**



BERG FASTEIGNASALA



**Háholt 14, Mosfellsbær**
- **Sími: 588 5530**
- **berg@berg.is - www.berg.is**
- **GSM 897 0047**

**Pétur Pétursson**
**lögg. fasteignasali**
*petur@berg.is*


# Glæsilegt hús í Fossvogi

Eignamiðlun kynnir: Vogaland 7, 316,1 fm glæsilegt og mikið endurnýjað einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið var mikið endurnýjað 2006, m.a var lóðin tekin í gegn og settar harðviðarverandir, glæsileg lýsing og fleira.

Eignin skiptist í efri hæð þar sem eru tvö svefnherbergi, vinnuherbergi, baðherbergi og gestasnyrting, stofa, borðstofa, eldhús og fataherbergi. Á neðri hæð eru tvö stór unglingaherbergi, baðherbergi, sjónvarpshol, þvottahús og geymsla.

Forstofa með mjög góðum skápum. Baðherbergi með baðkari, Stofa, borðstofa og arinstofa, parket á gólfum. Arinn er vandaður með svörtu graníti. Mikil og vönduð lýsing í loftum. Vinnuherbergi með hillum og skrifborði.

Hjónaherbergi með fataherbergi, góðu skápaplássi og sér baðherbergi með sturtu. Rúmgott svefnherbergi með skápum. Stórar svalir. Eldhúsið er glæsilegt með vandaðri eikarinnréttingu, vönduðum Miele-tækjum og fylgir innbyggð uppþvottavél. Innangengt er á neðri hæð af gangi um breiðan nýjan stiga. Á neðri hæð er hol, tvö stór herbergi, þvottahús og baðherbergi.

Bílskúr er rúmgóður, tvískiptur og er gryfja öðrum megin. Heitur pottur á verönd. Hjólageymsla er við hlið hússins.



**Glæsilegt hús við Vogaland er til sölu hjá Eignamiðlun.**



Nánari upplýsingar veita Kjartan Hallgeirsson, lögg. fs., sími 824-9093, kjartan@eignamidlun.is og Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fs., í síma 899-1882, tölvupostur thorarinn@eignamidlun.is.

## heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali

Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali

Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali

Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali

Ásdís Írena Sigurðardóttir

Hafdís Una Guðnýjardóttir lögfræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook







### Skaftahlíð 13 - efri hæð og ris ásamt bílskúr.

Glæsileg mikið endurnýjuð efri sérhæð ásamt risi. Heildarstærð íbúðarinnar er um 170 fm og svo fylgir bílskúr. Neðri hæðin er öll mikið endurnýjuð. Þar eru þrjú stór herbergi og tvær stórar glæsilegar stofur. Þrennar svalir eru á hæðinni. Mjög falleg og virðuleg hæð, frábær staðsetning. Risið er tilbúið til innréttinga. **Verð 77 milljónir.** Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Laufásvegur - einbýlishús.**
Einstaklega vel staðsett einbýlishús í Þingholtunum. Húsið er á tveim hæðum auk kjallara og efra riss. Aðalhæðin er með mikilli lofthæð og fallegu útsýni, gengið út svalir í vestur og þaðan niður í garð. Fimm svefnherbergi og tvær stofur.
Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Víkurás 1 - stúdíóíbúð.**
Björt um 40 fm stúdíóíbúð á jarðhæð með útgangi út á sérverönd. Björt rúmgóð stofa, eldhús með geymslu innaf og baðherbergi. Góð sameign með sameiginlegu þvottahúsi. **Verð 23,9 milljónir.**
Frekari upplýsingar veitir Finnbogi. 895-1098.



**Álfkonuhvarf 51 - góð 4ra með sólpalli.**
Vel skipulögð um 105 fm endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi og stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í þrjú góð herbergi, bjarta stofu og opið eldhús. Þvottaaðstaða er innan íbúðar. Úr stofu er gengið út á stóran aflokaðan sólpall í suður. **Verð 45,0 milljónir.**
Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.




**Rauðalækur 73 - góð 2ja herbergja.**
Góð um 43 fm 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á frábærum stað. Nýleg innrétting í eldhús, tengi fyrir þvottavél innan íbuðar. Björt og falleg eign í góðu húsi. **Verð 24,9 milljónir.** **Eignin verður sýnd í opnu húsi í dag frá kl. 17:15 - 17:45.**
Frekari upplýsingar veitir Bogi, 699-3444.




**Fálkagata 20 - 6 herb. með sér inngangi.**
Falleg 147,6 fm íbúð á tveimur hæðum með fimm svefniherbergjum. Á neðri hæð eru þrjú svefniherbergi, stofa, eldhús, geymsla og bað og tvö svefniherbergi, hol, geymsla og snyrting á þeirri efri. Efri hæðin er jafnframt mikið til undir súð og nýtanlegir fermetrar því fleiri en uppgefinn fermetrafjöldi. **Opið hús í dag kl. 17:15 - 17:45.**
Nánari uppl. veitir Brynjólfur, S: 896-2953.




**Barónsstígur - verslunarhúsnæði - góð staðsetning.**
Um 77 fm verslunahúsnæði á góðum stað í miðbænum. Húsnæðið hefur verið mjög mikið endurnýjað að innan. Það skiptist í opin góðan sal, vinnuaðstöðu, gott eldhús og í kjallara rúmgott herbergi/vinnustofu. **Verð 38,0 milljónir.**
Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.

**530 6500** Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

**535-1000**
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON**
Lögfræðingur
GSM 660 4777


**HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR**
Lögfræðingur B.A.,
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 4242


**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


**JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166


**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966


**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663-2508


**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314

## NORÐLINGABRAUT - GÓÐ ATVINNUPLÁSS — TIL LEIGU



**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON / 895 2049**

Erum með til leigu þrjú mjög góð atvinnurými, til afhendingar strax. Hentar vel undir ýmiskonar atvinnustarfsemi, heildverslun, lager, þjónustu, smáverkstæði, starfsstöð iðnaðarmanns, dótakassa og þess háttar. Gluggar og innkeyrsluhurðir á öllum plássum. Greið aðkoma og flott staðsetning. Stærðir á plássum eru: 123 fm, 163 fm og 200 fm.

## REKAGRANDI 6, 107 REYKJAVÍK — 53.5M




**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

OPIÐ HÚS mánudaginn 16. okt. kl. 17:30-18:00. Glæsileg fjögurra herbergja 100 fm íbúð sem nýlega hefur verið mikið endurnýjuð. Íbúðinni fylgir geymsla í sameign og stæði í bílastæðahúsi. Ekki hefur verið búið í íbúðinni frá því að hún var endurgerð, nýr ískápur og uppþvottavél fylgja.

## KÁRSNESBRAUT 106, 200 KÓPAVOGUR — 19.9M



**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

Studioíbúð á 3. hæð 37,6 m2. Herbergi/stofa með eldhúskrók: Plastparket á gólfi og flísar við inngang, útgengt á svalir. Baðherbergi með sturtuklefa, flísar á gólfi, tengi fyrir þvottavél. Geymsla í sameign & þvottahús í kjallara.

## BERGÞÓRUGATA 15A, 101 REYKJAVÍK — 26.5M




**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 17. okt. kl. 17:30-18:00. Tveggja herbergja 43 fm íbúð við Bergþórugötu. Skemmtileg miðbæjaríbúð á góðu verði. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð.

## VESTURGATA 7, 101 REYKJAVÍK — 39.9M



**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

Snyrtileg 65,6 fm. íbúð fyrir 67 ára og eldri. Íbúðin er með inngang af sameiginlegum svölum, skiptist í anddyri, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. Sér geymsla í sameign.

## BRÚARFLÖT 3, 210 GARÐABÆR — 89.5M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS mánudaginn 16. okt. kl. 18:00-18:30. Einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr, teiknað af Kjartani Sveinssyni. Eignin skiptist í forstofu, stofur, eldhús, þvottahús, 3 svefnherbergi, baðherbergi og salerni.

## LAUFÁSVEGUR 22, 101 REYKJAVÍK — 107.5M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS mánudaginn 16. okt. kl. 16:30-17:30. Einbýlishús á besta stað í Reykjavík. Tvær hæðir og ris auk sér íbúðar í kjallara, með bílskúr og sér bílastæði. Í húsinu eru 10 herbergi alls, auk geymslurýmis.

## SÍÐUMÚLI 1, 108 REYKJAVÍK — LEIGU




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 17. okt. kl. 12:00-12:30. Til leigu/sölu 166,6 fm atvinnuhúsnæði á efstu hæð, miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Húsnæðið er snyrtilegt og með góðri lofthæð. Næg bílastæði eru við hús

## AKRALIND 3, 201 KÓPAVOGUR — LEIGU



**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

Til leigu/sölu tvö snyrtileg bil á besta stað í Kópavogi, stutt í aðal samgönguæðar. Bilin eru 639,7 fm og 242,8 fm. Öll lóð er fullfrágengin með 24 malbikuðum bílastæðum.

## VANDAÐ RAÐHÚS Í SELÁSHVERFI

- Stórt hús á tveimur hæðum
- Gott útsýni
- Stór bílskúr
- Húsið fæst eingöngu í skiptum fyrir góða 120-130 fm. íbúð í Norðlingaholti

Allar upplýsingar veitir Ólafur H. Guðgeirsson, MBA, löggiltur fasteignasali í síma 663-2508 eða olafur@stakfell.is

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
# - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**


**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**

**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**

**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**


Framúrskarandi fyrirtæki 2014-2016


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

### *Frakkastígur 12a. Tvær 2ja herbergja íbúðir.*




Íbúðirnar verða til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög fallegar um 53 fm. 2ja herbergja íbúðir á 2. hæð með suðursvölum og sér bílastæði í bílageymslu á góðum stað í miðborginni. Nýlegt harðparket er á íbúðinni. Sér geymslur eru í kjallara og sameiginlegt gufubað með sturtuaðstöðu og snyrtingu er í sameign hússins. Leyfi til rekstrar hótelíbúðar fylgir þessari íbúð, sem og annarri íbúð sem til sölu er í sama húsi og er í eigu sama aðila.

**Verð 33,9 millj. hvor íbúð.**

### *Glæsibær 10. Vel staðsett einbýlishús.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45

190,1 fm. mjög fallegt og frábærlega staðsett einbýlishús á einni hæð á 790,0 fm. fallegri og gróinni lóð við Elliðaárdalinn. Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað. Nýtt þak var sett á húsið fyrir um 20 árum síðan og skipt um allt gler og glugga. Öll loft í húsinu eru tekin niður og eru með innfelldri lýsingu. Stofa með fallegum arni og útgengi á skjólsæla nýja verönd. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Þrjú svefnherbergi eru í húsinu í dag en auðvelt er að fjölga þeim í fjögur.

**Verð 79,0 millj.**

### *Njálsgata 20. 2ja - 3ja herbergja íbúð. Laus strax.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg 2ja-3ja herbergja 78,5 fm. íbúð á 2. hæð í steinsteyptu fjórbýli við Njálsgötu. Íbúðin er afar sjarmerandi með suðursvölum út frá eldhúsi og hefur fengið mikið viðhald á undanförnum árum, m.a. var húsið múrviðgert og málað, skipt um glugga og þak og rennur á árunum 2013-2014. Innrétting er eldhúsi er endurnýjuð auk gólfefna í svefnherbergi, eldhúsi og stofu.

**Verð 39,9 millj.**

### *Stóragerði 9. Neðri sérhæð ásamt bílskúr.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45

Afar falleg 164,5 fm. neðri sérhæð að meðtöldum 28,1 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað. Eignin skiptist í forstofu, svefngang, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, borðstofu og stóra stofu. Suðursvalir eru út frá stofu. Mjög gott skipulag og stórir gluggar sem hleypa inn góðri birtu. Húsið var múrviðgert og málað fyrir þremur árum síðan. Búið er að endurnýja m.a. gólfefni, baðherbergi og tæki í eldhúsi.

**Verð 59,9 millj.**

### *Vatnsstígur 21. Glæsileg, vel innréttuð íbúð með yfirbyggðum suðursvölum.*



Glæsileg 151,6 fm. útsýnisíbúð með yfirbyggðum suðursvölum á 1. hæð (2. hæð frá Skúlagötu) í þessu glæsilega fjölbýlishúsi á sjávarkambinum auk tveggja sér geymslna í kjallara og sér bílastæðis í bílageymslu. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Stór og björt stofa með gólfsíðum gluggum. Sjónvarpshol með útgengi á svalir. Opið eldhús með stóri eldhúseyju. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Fallegt útsýni til norðurs út á sundin, að Esjunni og víðar.



**Verð 79,9 millj.**

### *Hraunás - Garðabæ. Parhús á frábærum útsýnisstað.*





Glæsilegt og vandað 267,5 fm. parhús á tveimur hæðum með fjórum svefnherbergjum, glæsilegum stofum, þremur baðherbergjum og innbyggðum bílskúr á frábærum útsýnisstað innst í götu við Hraunás. Eignin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt úr vönduðum byggingarefnum. Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins. Gólfsíðir gluggar að hluta í stofum á efri hæð og mjög stórar svalir til suðurs og vesturs. Lofthæð á neðri hæð hússins er meiri en gengur og gerist. Skjólsælar viðarverandir vestan við húsið með miklum steyptum stoðveggjum.

**Verð 114,9 millj.**

### *Klapparstígur 11. Glæsileg 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg og nánast algjörlega endurnýjuð 63,1 fm. íbúð á 1. hæð að meðt. sér geymslu við Klapparstíg. Sérinngangur er í íbúðina. Búið er að endurnýja m.a. eldhús, baðherbergi, innihurðar, skápa, gólfefni, allar lagnir og einangra alla útveggi og loft. Íbúðin er öll með aukinni lofthæð. Eign sem vert er að skoða á frábærum stað í miðbæ Reykjavíkur. Allar gardínur, vegglampar, loftljós og vegghillur fylgja með. **Fyrir um 11 árum síðan fóru fram miklar endurbætur á húsinu að utan undir handleiðslu Húsfriðunarnefndar og fékk eignin viðurkenningu frá Reykjavíkurborg árið 2006. Þá var m.a. allt timburverk, bárujárn, þak og** gler í húsinu endurnýjað. **Verð 39,9 millj.**

### *Bakkastaðir 167. 4ra – 5 herbergja endaíbúð með sérinngangi.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega falleg 4ra - 5 herbergja 124,9 fm. endaíbúð á jarðhæð í sex íbúða fjölbýli í Staðarhverfi í Grafarvogi. Íbúðin er með sérinngangi og afgirtri verönd til suðurs. Fjögur herbergi, öll með góðu skápaplássi. Stofa með gluggum til suðurs og austurs. Opið eldhús með fallegri innréttingu. Sérmerkt bílastæði á lóð.

**Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.**

**Verð 49,9 millj.**

### *Grænahlíð. Góð 5 herbergja sérhæð.*



Vel skipulögð 111,1 fm. miðhæð með sérinngangi í þríbýlishúsi í Hlíðunum. Húsið lítur vel út að utan, fallega steinað og afar sjarmerandi. Tvær rúmgóðar samliggjandi stofur með stórum gluggum til suðurs. Þrjú svefnherbergi. Svalir til suðurs. Garðurinn hefur fengið gott viðhald nýlega þar sem m.a. hefur verið fækkað stórum trjám og lóðin endurtyrfð.

**Um er að ræða afar fallega eign á frábærum stað.**

**Verð 56,9 millj.**

### *Álfhólsvegur 88 – Kópavogi. 5 herbergja efri sérhæð.*




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Góð 188,7 fm. 5 herbergja efri sérhæð í tvíbýlishúsi við Álfhólsveg að meðtöldum 37,0 fm. bílskúr. Yfirbyggðar svalir eru til suðvesturs og nýtur mikils útsýnis frá eigninni til norðurs að Esjunni, út á sjó, austur yfir borgina og að Akranesi. Þrjú svefnherbergi. Sjónvarpshol sem auðvelt er að breyta í svefnherbergi. Samliggjandi stofur með arni. Sólstofa með útgengi á litlar svalir til vesturs. Eignin stendur við götu þar sem er 30 km hámarkshraði.

**Verð 54,9 millj.<**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson** *Lögg. fasteignasali*

**Guðmundur Sigurjónsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*

**Kjartan Hallgeirsson** *Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri*

**Þórarinn M. Friðgeirsson** *Lögg. fasteignasali, sölustjóri*

**Magnea S. Sverrisdóttir** *MBA, lögg. fasteignasali*

**Hilmar Þór Hafsteinsson** *Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari*

**Guðlaugur I. Guðlaugsson** *Lögg. fasteignasali*

**Brynjar Þ. Sumarliðason** *BSc í viðskiptafr., lögg. fasteignasali*

**G. Andri Guðlaugsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*

**Gunnar Jóhann Gunnarsson** *Hdl., lögg. fasteignasali*

**Daði Hafþórsson** *Aðstoðarm. fast.s.*

**Jóhanna Valdimarsdóttir** *Gjaldkeri*

**Elín Þorleifsdóttir** *Ritari*

**Ásdís H. Júlíusdóttir** *Ritari*

**Anna M. Sigurðardóttir** *Ritari*

## ÆGISÍÐA 50, 107 REYKJAVÍK








Mjög falleg og björt 97,4 fm 4ra herberja íbúð við Ægsíðu. Íbúðin er vel skipulögð og var endurnýjuð fyrir um 3 árum með sérsmíðuðum vönduðum innréttingum. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, hol og forstofu. Sér inngangur. Bílastæði við inngang. Frábær staðsetning við Ægisíðu í Vesturbænum. Sjávarsíðan er beint fyrir framan húsið. **Opið hús mánudaginn 16. okt. milli 17:15 og 17:45. V. 56,9 m.**

## TÓMASARHAGI 19, 107 REYKJAVÍK





Mjög falleg og björt 123 fm 5 herb. hæð við Tómasarhaga í Vesturbænum. Eignin skiptist m.a. í stóra stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi og þrjú herbergi. Svalir útaf stofum til suðvesturs. Fjórar íbúðir eru í húsinu. Ein íbúð á hverri hæð. Stór garður. Frábær staðsetning. Stutt í leikskóla, skóla, sundlaug og alla helstu þjónustu. **V. 61,9 m.**

## SÓLVALLAGATA 68
### 107 REYKJAVÍK




Til sölu eru tvær litlar eignir í bakhúsi við Sólvallagötu 68. Annars vegar er um ræða 36,2 fm 2ja herb. íbúð með sér inngangi. Hins vegar er um að ræða 61,3 fm íbúð á tveimur hæðum með sér inngangi (stofa og þrjú herbergi). Íbúðirnar þarfnast standsetningar að innan og utan. Óskað er eftir tilboðum í eignirnar.

**Opið hús miðvikudaginn 18. okt. milli 17:00 og 17:30.**

## DRÁPUHLÍÐ 48
### 105 REYKJAVÍK




Vel skipulögð 4ra herbergja 56,8 fm risíbúð í mikið endurnýjuðu litlu fjölbýli. Stofa og þrjú herbergi. Stofa og eldhús í opnu rými. Geymsluloft er yfir íbúðinni. Eigninn er einstaklega vel staðsett, stutt er í alla helstu þjónustu s.s. Kringluna, háskóla, skóla, leikskóla ofl. **Opið hús mánudaginn 16. okt. milli 17:15 og 17:45. V. 34,9 m.**

## DVERGABAKKI 12
### 109 REYKJAVÍK




**Markahæstir**: Teitur Örn Einarsson 10/4, Elvar Örn Jónsson 7, Haukur Þrastarson 5, Atli Ævar Ingólfsson 5, Sverrir Pálsson 3 - Daníel Guðmundsson 6/1, Sturla Ásgeirsson 5/3, Úlfur Kjartansson 5.

**Fram - Grótta 28-24**

**Markahæstir**: Arnar Birkir Hálfdánsson 10, Matthías Daðason 7/4, Svanur Páll Vilhjálmsson 3, Valdimar Sigurðsson 3 - Maximilian Jonsson 10/9, Bjarni Ófeigur Valdimarsson 4.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 11 | Stjarnan | 6 |
| FH | 10 | Fram | 5 |
| Haukar | 8 | Fjölnir | 3 |
| ÍBV | 8 | Afturelding | 1 |
| Selfoss | 8 | Víkingur | 1 |
| ÍR | 6 | Grótta | 0 |

### Olís-deild kvenna í handbolta

**Haukar - Selfoss 22-20**

**Markahæstar**: Sigrún Jóhannsdóttir 4, Maria Ines da Silva 4, Berta Rut Harðardóttir 4/4 - Kristrún Steinþórsdóttir 8, Perla Ruth Albertsdóttir 5.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| ÍBV | 7 | Selfoss | 3 |
| Valur | 7 | Stjarnan | 3 |
| Fram | 6 | Fjölnir | 1 |
| Haukar | 6 | Grótta | 1 |

### Maltbikar karla í körfubolta

| | |
|---|---|
| **Kormákur - KR** | **34-135** |
| **ÍB-Valur** | **68-103** |
| **Leiknir R.-Njarðvík** | **66-109** |
| **Haukar b - Þór Ak.** | **60-124** |
| **Ármann - Keflavík** | **50-100** |
| **Tindastóll - Þór Þ.** | **84-76** |
| **Vestri b-KR b** | **72-91** |
| **Álftanes - Snæfell** | **72-105** |

BONNEAU TIL STJÖRNUNNAR
Stjarnan hefur samið við bandaríska leikmanninn Stefan Bonneau um að spila með liðinu í Domino´s deild karla í vetur. Bonneau lék áður með Njarðvík og gæti mætt sínum gömlu félögum í vikunni því Stjarnan og Njarðvík eigast við á fimmtudaginn. Bonneau sleit báðar hásinar sínar þegar hann spilaði með Njarðvík.

FANNDÍS MEÐ FYRSTA MARKIÐ
Fanndís Friðriksdóttir opnaði markareikning sinn hjá franska liðnu Marseille þegar hún skoraði í 1-1 jafntefli móti Lille í frönsku úrvalsdeildinni í gær en markið hennar kom á 41. mínútu leiksins. Liðsfélagi Fanndísar úr landsliðinu, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, skoraði fyrra mark Vålerenga í 2-2 jafntefli gegn Trondheims-Örn í norsku úrvalsdeildinni.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **18.50** | **Leicester - WBA** | Sport 2 |
| **19.15** | **Afturelding - Haukar** | Sport |
| **21.00** | **Seinni bylgjan** | Sport |

*Olís-deild karla*
**Afturelding - Haukar (19.30) og Stjarnan - Víkingur (19.30).**

*Maltbikar karla í körfubolta*
**Reynir S.-Fjölnir (19.00), Hamar-ÍR (19.15), Breiðablik - Gnúpverjar(19.15), Stjarnan - Haukar (19.30) og FSu - Grindavík (20.00)**












## Merkisatburðir

**1612** Eldgos í Kötlu

**1793** Marie Antoinette Frakklandsdrottning og eiginkona Loðvíks 16 var hálshöggvin í kjölfar Frönsku byltingarinnar.

**1890** Landshöfðingi vígði fyrsta síma sem lagður var á Íslandi á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

**1902** Landakotsspítali í Reykjavík var tekinn í notkun. Spítalinn var reistur og rekinn af St. Jósefssystrum.

**1905** Verzlunarskóli Reykjavíkur, síðar nefndur Verzlunarskóli Íslands, tók til starfa.

**1932** Guðbergur Bergsson rithöfundur fæddist.

**1923** Walt Disney stofnaði Disneyfyrirtækið með bróður sínum Roy.

**1946** Helstu sakborningar í Nürnberg réttarhöldunum voru líflátnir.

**1978** Karol Józef Wojtyła kjörinn páfi - Jóhannes Páll 2.

**1990** Söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir fæddist.

✝



**Ólafur Kr. Ólafsson**
Hvanneyrarbraut 19, Siglufirði,
lést á Hornbrekku 26.09.2017.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rut Ólafsdóttir**

✝



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
**Guðný Helgadóttir**
handavinnukennari,
Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,
sem lést 5. október sl. verður jarðsungin
frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn
18. október og hefst athöfnin kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið.

**Rannveig Gunnarsdóttir** — **Björn H. Jóhannesson**
**Ásta Gunnarsdóttir** — **Guðmundur R. Bragason**
**Kristín Gunnarsdóttir** — **Haraldur Þ. Gunnarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

✝



Elskulegur eiginmaður,
faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,
**Víglundur Sigurjónsson**
dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund,
andaðist aðfaranótt 8. október. Víglundur
verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju
í Reykjavík fimmtudaginn 19. október nk. kl. 13.00.

**Ragnheiður Hildigerður Hannesdóttir**
**Trausti Víglundsson** — **Kristín Harðardóttir**
**Stefanía Víglundsdóttir** — **Heiðar Gíslason**
**Ásgeir Sævar Víglundsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

✝



Elsku drengurinn okkar,
**Hörður Björnsson**
fæddur 7. desember 1989,
dáinn 14. október 2015.
Athöfn fór fram í kyrrþey
laugardaginn 14. október 2017.
Þeim sem vilja minnast hans er bent
á geðdeild Landspítalans, Laugarási,
úrræði fyrir ungt fólk.

**Bjarney Harðardóttir** — **Helgi Rúnar Óskarsson**
**Björn Traustason** — **Hera Grímsdóttir**
**Helen María Björnsdóttir** — **Aron Franklín Jónsson**
**Trausti Björnsson**
**Guðrún Sveina Jónsdóttir**
**Pálmar Óli Helgason**
**Trausti Franklín Aronsson**
**Hörður Jónsson** — **Ólína Klara Jóhannesdóttir**
**Ragnhildur Magnúsdóttir**
**aðrir aðstandendur, vinir og ástvinir.**



ER LANDBÚNAÐAR-KERFIÐ AÐ HRYNJA?
Kári Þorgrímsson í Garði II tekur ekki beina
greiðslur frá ríkinu og selur lambakjöt á frjáls

Kjötsala Kára í Garði
Skil ekki í neytendum að vilja kaupa kjöt á bílastæði

Kári Þorgrímsson, bóndi í Garði í Mývatnssveit, sem sagt hefur skilið við
Engin sæmd að taka við opinberu fé

Viðtökur við kjötinu framar vonum segir Kári Þorgrímsson
Viðskiptavinir segjast vilja sýna stuðning sinn í verki

**Svona voru fyrirsagnir blaðanna þegar Kári seldi kjötið í Kolaportinu.**

# Aldarfjórðungur frá því að Kári fór í Kolaportið

**Á þessum degi fyrir 25 árum seldi Kári Þorgrímsson lambakjöt sem ekki hafði verið styrkt af íslenska ríkinu. Hann segir vandann nú vera afurðastöðvunum að kenna og margt vera athugavert við það kerfi sem verið hefur við lýði. Fólkið standi með bændum.**

Aldarfjórðungur er í dag liðinn frá því að Kári Þorgrímsson, bóndi í Garði í Mývatnssveit, bauð óríkisstyrkt lambakjöt til sölu í Kolaportinu. Örtröð var við bás Kára sem segist standa í þakkarskuld við íslenskan almenning vegna viðbragða hans.

Kári segir aðdragandann hafa verið langan. Fyrsta vísi að kvótakerfi hafi verið komið á árið 1979 og var það þá hugsað til þess að draga úr framleiðslu á kjöti. Það ástand hafði ríkt í áratugi að lambakjöt naut ótakmarkaðrar verðábyrgðar íslenska ríkisins. Þeim sem höndluðu með búafurðir lá oft lítið á að selja vöruna enda borgaði ríkið yfirleitt best að lokum auk þess að borga geymslugjald.

„Svo varð Jón Helgason landbúnaðarráðherra og bjó hann til nýjan kvóta sem var öllu verri. Með þeim kvótum voru búin fryst í þeirri stöðu sem þau höfðu verið í. Þú gast hætt eða minnkað en það var ómögulegt að breyta úr kjöti í mjólk eða stækka við sig,“ segir Kári.

Hann fleytti sér áfram með leigukvótum en í landbúnaðarráðherratíð Steingríms J. Sigfússonar var leigukvóti afnuminn. Samhliða var hins vegar opnað á það að ef menn tækju ekki við beingreiðslum gætu menn framleitt að vild.

„Ástandið í landbúnaði á þessum tíma hafði verið slæmt og í raun ótrúlega merkilegt að hann hafi lifað af. Það datt engum í hug að nokkur maður myndi nýta sér þessa heimild. Ég hafði í raun ekki miklu að tapa og þarna opnaðist í fyrsta skipti frá 1984 færi á að auka framleiðslu,“ segir Kári.

Það varð úr að hann nýtti sér þessa glufu. Kjötið var tekið beint úr sláturhúsi, sagað niður, fryst og boðið til sölu í Kolaportinu sem þá var lítið annað en bílakjallari undir Seðlabankanum. Ekkert var til sem hét „Beint frá býli“ og í raun þótti fráleitt að bændur seldu eitthvað af sínum afurðum sjálfir. Til að gera langa sögu stutta þá rauk kjötið út.

„Ég hef alltaf staðið í þakkarskuld við íslensku þjóðina eftir þennan dag í Kolaportinu. Ég vil meina að við höfum í sameiningu greitt bændamafíunni, og þessu kerfi, eitt þyngsta högg sem lent hefur á því. Kannski er það einmitt grunnurinn að því að farið var að vinna sig út úr þessu kvótaöngstræti sem menn voru komnir í,“ segir Kári.



**Kári Þorgrímsson í Garði á árum áður.**

Kári hætti sauðfjárbúskap árið 2005 og hefur síðan þá einblínt á mjólkur- og nautakjötsframleiðslu. Sú staða sem uppi er í lambakjötsframleiðslu nú kemur því ekki niður á honum. Að mati Kára liggur vandinn ekki hjá sauðfjárbændum.

„Sauðfjárbændur eru að vinna sína vinnu. Það er ekkert til sem heitir vandi sauðfjárbænda. Vandinn liggur hjá sláturhúsum og kjötvinnslum sem eru ekki borgunarmenn fyrir hráefninu sínu,“ segir Kári.

„Þau eru að misnota sauðfjárbændur til að sækja fé úr ríkissjóði til að dæla inn í úrvinnslugeira þar sem mönnum virðist ekki hugnast að mæta eðlilegum hagkvæmnikröfum. Mér þykir gott hjá landbúnaðarráðherra að láta ekki misnota bændur í þessum tilgangi.“

Fyrirkomulagið í mjólkurframleiðslu er einnig með ýmsa vankanta að mati Kára. Þar séu bændur í raun gerðir ábyrgir fyrir mjólkuriðnaði. Hann bendir á að norskur kornbóndi leggi allt sitt korn í samlag en það samlag sé ekki að brugga bjór og ekki heldur að baka brauð.

„Hér á landi erum við með þetta óféti, Mjólkursamsöluna, sem er í alls konar vöruframleiðslu. Síðan verður allt það sem úrskeiðis fer á endanum sótt í vasa kúabænda. Það gengur ekki upp,“ segir Kári.

„Í gegnum tíðina hefur verið undirliggjandi óánægja íslensks almennings með landbúnaðarmálin. Hún er réttmæt og ranglát eftir atvikum. Fyrst og fremst er skaðlegt fyrir bændur að vera í ósátt við almenning í landinu. Ég var og er þeirrar skoðunar að það sé ákaflega nauðsynlegt, og ætti að vera sjálfsagt baráttumál, fyrir bændur að vera lausir við ríkisstyrki. Stjórnvöld halda alltaf að þau geti ráðskast með þá sem þiggja stuðnings- og bótagreiðslur. Það er ótrúlegt að bændur, fullvinnandi menn, þurfi að vera á einhvers konar bótum. Fyrir hvern andskotann eru menn að fá bætur?“ segir Kári.

„Það kom glöggt í ljós, þegar bóndi gerði uppreisn gegn þessu kerfi, þá stóð almenningur með íslenskum landbúnaði. En það má ekki standa með honum í hverju sem er. Landbúnaður má aldrei vera hafinn yfir gagnrýna sýn.“

johannoli@frettabladid.is

# GIMLI

Sími 570 4800



Fasteignasala / Grensásvegur 13
2. hæð 108 Rvk. / gimli.is

Sigþór 899 9787 Löggiltur fasteignasali · Ellert 661 1121 Löggiltur fasteignasali · Katrín 570 4800 · Hafrún 570 4800 · Árni 570 4800 Viðskiptafræðingur Löggiltur fasteignasali

**Hvers virði er eignin þín?**

**- Frítt verðmat**
**- Engin skuldbinding**

**ÞEKKING • REYNSLA • ÖRYGGI**

---

# EIGNALIND
FASTEIGNASALA

Engihjalli 8 • 200 Kópavogi • s. 616 8880 • sos@eignalind.is

**Fasteignir á Íslandi og Spáni**



**Sigurður Oddur Sigurðsson** Löggiltur fasteignasali Sími 616 8880
**Ellert Róbertsson** Sölumaður fasteigna Yfir 30 ára reynsla Sími 893 4477
**Artjón Árni** Löggiltur fasteignasali Sími 612 1414
**Jón Óli** Löggiltur fasteignasali Sími 777 6661
**Helen Sigurðardóttir** Sölumaður Nemi til Löggildingar Sími 849 1921

VERÐMAT.is
Fasteignamiðlun og ráðgjöf

**FRÍTT VERÐMAT FASTEIGNA - Kíktu á www. Verdmat.is**

---

# búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogi
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

## Búmenn auglýsa íbúðir

### Búseturéttur á markaðsverði



**Blásalir 24, íb.404, sem er fjölbýlishús í Kópavogi**
Til sölu er búseturéttur í 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi á 4.hæð, 123,6 fm að stærð staðsett í Kópavogi með fallegu útsýni yfir höfuðborgarsvæðið og nágrenni.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 11.000.000 og eru mánaðargjöldin um kr. 203.000-



**Víðigerði 4, sem er parhús í Grindavík**
Til sölu búseturéttur í 3ja herbergja íbúð með garðskála, 81 fm að stærð ásamt bílskúr að stærð 28,3 fm, samtals 109,3 fm.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 6.400.000 og eru mánaðargjöldin um kr. 174.000-.



**Prestastígur 6, íb.104, sem er fjölbýlishús í Reykjavík**
Til sölu búseturéttur í 2ja herbergja parhúsi, 94,6 fm að stærð ásamt stæði í bílageymslu.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 13.000.000 eða tilboð og eru mánaðargjöldin um kr. 175.000-.

**Tilboðsfrestur er til 25.október n.k. kl.13.**

***Innifalið í mánaðargjaldi íbúðanna er fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður þar sem það á við.***

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð hafið samband við skrifstofu Búmanna.

Hægt er að fá nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl 9-12 og 13-15. Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar á heimasíðu félagsins **www.bumenn.is**

---

# TRAUSTI
fasteignasala



*Kristján Baldursson hdl.* Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari S: 867-3040



*Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir* Sölustjóri. Viðskiptafr. lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari. S: 899-5949

## Lækjasmári 2 – 201 Kópavogur

OPIÐ HÚS



**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:30 – 18:00**
Rúmgóð og björt 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í viðhaldslitlu fjölbýli með lyftu. Eignin er skráð 110,9 fm. þar af er geymsla í kjallara sameignar skráð 6,9 fm. **Verð: 47,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

---

# Fríar **skoðunarferðir**

www.**spánarheimili**.is

spánar **heimili**
*þitt annað heimili*

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Það er útlit fyrir haustblíðu eins og hún gerist best á landinu í dag. Víða hægur vindur og léttskýjað. Hiti 3 til 8 stig, en svalara að kvöld- og næturlagi.







### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | | | | 8 | | 5 | |
| | | | 5 | | | | | |
| | 9 | 1 | | 7 | 3 | | | |
| | | | | | | 5 | | |
| 8 | 4 | 3 | | | 5 | | | |
| 9 | 6 | | 7 | 2 | | | 1 | |
| 2 | | | | 9 | | | 3 | |
| | | 8 | 6 | | | 9 | | 2 |
| | 5 | | 4 | | | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. lingeðja
6. bardagi
8. vafi
9. þreyta
11. sprikl
12. ágóði
14. kambur
16. ætíð
17. magur
18. bókstafur
20. núna
21. faðmur

**LÓÐRÉTT**
1. lækka
3. tveir eins
4. yfirlit
5. reik
7. hverfill
10. svelg
13. reiðihljóð
15. dyggur
16. dorma
19. tveir eins



**LÁRÉTT:** 2. meyr, 6. at, 8. efi, 9. lúi, 11. ið, 12. arður, 14. burst, 16. sí, 17. rýr, 18. enn, 20. nú, 21. fang.
**LÓÐRÉTT:** 1. dala, 3. ee, 4. yfirsýn, 5. rið, 7. túrbína, 10. iðu, 13. urr, 15. trúr, 16. sef, 19. nn.

## Skák Gunnar Björnsson

Movsesjan átti leik gegn Kusmin í Leníngrad árið 1985.

**Hvítur á leik**

**1. Hh8+!! Bxh8 2. Dh7+ Kf8 3. Dxh8# 1-0.** Gestamót Hugins og Breiðabliks hófst í gær. Mótið er gríðarlega sterkt og fimm íslenskir stórmeistarar meðal keppenda.

**www.skak.is:** Fylgst með EM talfélaga.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 4 | 9 |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 1 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 4 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 7 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# MJÓLKIN GEFUR STYRK




## KUSU Á SPÍTALANN!

D-vítamínbætt léttmjólk bregður sér tímabundið í nýjan búning. Markmiðið er að safna 15 milljónum króna fyrir Landspítala til kaupa á tækjum sem bjarga mannslífum. Um er að ræða svokallaða „kusu“ eða CUSA-skurðtæki ásamt barkaspeglunartæki. 30 kr. af hverri seldri fernu renna til þessa góða málefnis. Nánar um átakið á **ms.is**



LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
5%




SÝND KL. 8, 10.30
SÝND KL. 10
SÝND KL. 5.50
SÝND KL. 6, 8

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE SNOWMAN | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE SNOWMAN VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | VIP |
| HOME AGAIN | KL. 7 - 8 - 9:10 - 10:10 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| IT | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOTHER! | KL. 7:40 - 10:10 | 16 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

**EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 5 - 8:20 - 10:10 | 16 |
| HOME AGAIN | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |
| IT | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| MOTHER! | KL. 5:30 - 8 | 16 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| HOME AGAIN | KL. 6:50 - 8 - 9 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| IT | KL. 10:10 | 16 |

**KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 5:15 - 8:30 - 9:30 | 16 |
| HOME AGAIN | KL. 5:10 - 7:20 - 8 | 6 |
| IT | KL. 10:10 | 16 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 | 12 |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE SNOWMAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 7:20 | 16 |
| KINGSMAN 2 | KL. 10:30 | 16 |


# Góða skemmtun í bíó

Umboðsmaður skuldara

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 9.00 - 15.00

Símatími ráðgjafa er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.00 - 14.00

SÍMI 512 6600
GRÆNT NÚMER 800 6600
KRINGLAN 1 103 REYKJAVÍK
ums.is

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 16. OKTÓBER 2017

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Kristin tónlist minnihlutahópa í Yunnan
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Lögberg, 205
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós kynnir fyrirlestur prófessors Yang Minkang við Tónlistarháskólann í Peking (Central Conservatory of Music) sem fjallar um trúartónlist kristinna meðal minnihlutahópa í Yunnan-héraði í Kína. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Yang Minkang, sem er af bai-þjóðerni, gegnir stöðu prófessors við Tónlistarháskóla Peking í Kína. Prófessor Yang hefur ritað tíu bækur og mikill fjöldi fræðigreina liggja eftir hann í virtum tímaritum jafn utan sem innan Kína.

**Hvað?** Listamannaspjall
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** SIM Residency, Hafnarstræti 16
Gestalistamenn SÍM bjóða alla velkomna á listamannaspjall í dag í SÍM húsinu. Hressingar á boðstólum.



Félagið Villikettir kynna starfsemi sína í Smáralind í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

### Uppákomur

**Hvað?** Björgum lífum – Byggjum skjól fyrir villiketti
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Smáralind
Í dag er Alþjóðlegur dagur katta (GlobalCatDay) og af því tilefni ætla Villikettir að efna landssöfnun á Karolina Fund þar sem safnað verður fyrir húsnæði undir starfsemi félagsins. Félagið verður í Smáralind í dag og kynnir starfsemina. „Við verðum staðsett á milli Söstrene Grene og Vodafone á jarðhæð Smáralindar,“ segir í tilkynningu.

**Hvað?** Opinn fundur um umhverfisstefnu stjórnmálaflokkanna
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands efna til opins fundar í dag um stefnu stjórnmálaflokkanna í umhverfismálum. Fulltrúar stjórnmálaflokkanna verða spurðir um stefnu þeirra varðandi tvö meginmál. Annars vegar um stofnun þjóðgarðs á hálendi Íslands, hver er stefna framboðsins? Og hins vegar hvernig skal vernda lífríki hafsins – hér heima og á alþjóðavettvangi – gegn mengun, súrnun og öðrum skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga? Að kynningum loknum munu fundargestir fá tækifæri til að spyrja fulltrúa stjórnmálaflokkanna spurninga úr sal um stefnu þeirra í umhverfis- og náttúruverndarmálum.



Megas heldur tónleika í Mengi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Námskeið

**Hvað?** Te-námskeið
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Te & kaffi, Aðalstræti
Ítarlegur en skemmtilegur fyrirlestur um te og hvernig það er ræktað, unnið og bruggað. Eftir fyrirlesturinn verður sett upp smökkun með te sem kemur hvaðanæva úr heiminum og er unnið á ólíkan hátt. Byrjendur sem og lengra komnir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á þessu námskeiði. Alls komast 20 manns á námskeiðið og verða allir þátttakendur leystir út með gjöf. Námskeiðsgjaldið er 3.900 kr. og hægt er að næla sér í miða á www.teogkaffi.is/namskeid.

### Tónlist

**Hvað?** Megas & Kristinn H. Árnason
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgata
Megas flytur eigin lög og ljóð ásamt gítarleikaranum Kristni H. Árnasyni í dag og á morgun. Á efnisskrá er úrval laga Megasar frá öllum ferlinum. Húsið verður opnað klukkan 20.30 og miðaverð er 2.500 krónur, tekið er við miðapöntunum í gegnum booking@mengi.net eða í gegnum síma 588-3644.

### Sýningar

**Hvað?** Erla Axels sýnir í Hannesarholti
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Hannesarholt
Myndlistarkonan Erla Axels sýnir í Hannesarholti. Opnun var síðasta laugardag en sýningin stendur yfir í fjórar vikur og er opin alla daga vikunnar frá kl. 11.30 til 17.00 en til kl. 22.00 á fimmtudögum. Erla sýnir ný verk unnin með blandaðri tækni. „Í fjarlægð sé ég ofursmá hús í birtu borgarmarkanna og þegar ég lít mér nær sé ég mosann, grágrýtissprungur og breytileg jarðlög í klettum,“ segir Erla um sýninguna.

Full búð af nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918




BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Personal Shopper | 18:00 |
| Undir Trénu ENG SUB | 18:00 |
| Sumarbörn | 1800 |
| Botoks | 20:00 |
| Good Time | 20:00 |
| Vetrarbræður ENG SUB | 20:00 |
| The Square ENG SUB | 22:15 |
| The Big Sick | 22:00 |



# Jón, Cher og Stiller taka höndum saman

**Vatnskóngurinn á Íslandi, Jón Ólafsson, fer í samstarf með Ben Stiller og Cher, að koma vatni til íbúa Púertó Ríkó.**



Þjakaðir íbúar Púerto Ríkó fá íslenskt vatn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jón Ólafsson og vatnsfyrirtæki hans, Icelandic Glacial, hefur tekið höndum saman með stórleikaranum og Íslandsvininum Ben Stiller og hinni heimsþekktu söng- og leikkonu Cher, til að gefa um 600 þúsund vatnsflaskna til fólks í Púertó Ríkó.

Vatnið á að vera komið þangað áður en októbermánuður verður allur, segir í tilkynningu frá Icelandic Glacial.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Jón og Cher leiða saman hesta sína. Eftir að upp komst að vatnið í Flint í Michigan fylki væri mengað tóku þau sig til og gáfu íbúum vatn. Flint er heimaborg South Park höfundanna, Trey Parker og Matts Stone.

**VATNIÐ Á AÐ VERA KOMIÐ ÁÐUR EN OKTÓBERMÁNUÐUR VERÐUR ALLUR, SEGIR Í TILKYNNINGU FRÁ ICELANDIC GLACIAL.**

Eyðileggingin er mikil í Púertó Ríkó eftir fellibylinn Mariu og eru innviðir eyjunnar í rúst. Minnst sextán létu lífið þegar stormurinn gekk þar yfir.

Yfirvöld hafa lofað að koma 1,7 milljón máltíða og 2,5 milljónum lítra af vatni til eyjarinnar. Það hefur þó reynst erfitt að koma vörum frá höfnum og flugvöllum Púertó Ríkó þar sem vegakerfið er ásamt mörgu öðru, afar illa farið. – **bb**







**Söluaðilar:**
Ellingsen • Útilíf • Sportver • K Sport • Verslunin Nína • Sportbær • Axel Ó • DanSport
**Heildsöludreifing**: DanSport ehf • Sundaborg 1 • Sími 5530700

GS IMPORT

OPIÐ HÚS

Í tilefni af opnun sýningarsals okkar í **Ármúla 11, 2 hæð.**

Ætlum við að hafa opið hús vikuna **16-20 október á milli kl 14 - 17**

Allt veitingafólk hjartanlega velkomið

www.gsimport.is
892 6975





GULLI BYGGIR
KL. 20:40
Frábær þáttur með Gulla Helga sem allir þeir sem standa í stórum sem smáum breytingum mega ekki láta framhjá sér fara né heldur þeir sem hafa gaman af því að fylgjast með endurbótum almennt.

Magnað
**Mánudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

I OWN AUSTRALIA´S BEST HOME
KL. 19:50
Frábærir þættir fyrir alla sem kunna að meta stórfenglega byggingarlist, nútímahönnun og innanhúss-arkitektúr sem á engan sinn líka.



THE BRAVE
KL. 21:20
Spennuþættir frá framleiðendum Homeland um einvala lið hermanna í bandaríska hernum, sem berjast fyrir málstað réttlætisins við erfiðar aðstæður á sumum hættulegustu stöðum heims.



THE DEUCE
KL. 22:05
Það gekk heldur betur mikið á í uppgangi klámiðnaðarins í New York á áttunda áratugnum. Umtöluð og töff þáttaröð úr smiðju HBO.



VICE
KL. 23:05
Vandaður og áhugaverður fréttaþáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.




THE OTHER GUYS
KL. 22:00
Myndin fjallar um tvo leynilögreglu-menn sem grípa tækifærið til þess að feta í fótspor tveggja bestu lögreglumanna í New York sem fallnir eru frá.



TIME AFTER TIME
KL. 20:50
Óvenjulegir spennuþættir sem fjalla um hinn fræga H.G. Wells sem freistar þess að finna einn þekktasta raðmorðingja allra tíma, Jack the Ripper.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Kalli kanína og félagar**
**07.40 The Middle**
**08.05 2 Broke Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 The Last Man on Earth**
**10.45 Fresh off the Boat**
**11.10 Masterchef USA**
**11.50 Empire**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X Factor UK**
**14.20 The X Factor UK**
**15.05 The X Factor UK**
**16.30 Simpson-fjölskyldan**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 The Mindy Project**
**19.50 I Own Australia's Best Home** Frábærir þættir fyrir alla sem kunna að meta byggingar-list, nútímahönnun og innan-hússarkitektúr sem á sér engan líka. Í hverjum þætti ferðast þrír hönnunarsérfræðingar vítt og breitt um Ástralíu til að finna best hannaða húsið.
**20.45 Gulli byggir**
**21.15 The Brave** Spennuþættir sem fjalla um einvala lið her-manna í bandaríska hernum sem takast á við erfiðustu verkefnin á sumum hættulegustu stöðum heims.
**22.00 The Deuce**
**23.00 Vice**
**23.35 Víglínan**
**00.20 Tin Star**
**01.05 Outlander**
**02.00 Curb Your Enthusiasm**
**02.30 Ballers**
**03.00 Empire**
**03.45 Code of a Killer**
**04.35 Bones**
**05.20 Murder in the First**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30 Messan**
**09.00 Green Bay Packers - Minne-sota Vikings**
**11.20 Kansas City Chiefs - Pitts-burgh Steelers**
**13.40 Leeds - Reading**
**15.20 Grótta - Stjarnan**
**16.50 Valur - ÍBV**
**18.20 Football League Show 2017/18**
**18.50 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018**
**19.15 Olís-deild kk-Afturelding - Haukar**
**21.00 Seinni bylgjan**
**22.30 Football League Show 2017/18**
**23.00 Leicester - WBA**
**00.40 Spænsku mörkin 2017/2018**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.40 Olís-deild kvk-Grótta - Stjarnan**
**09.10 Olís-deild kk-Valur - ÍBV**
**10.40 Atlético Madrid - Barcelona**
**12.20 Bor. Dortmund - Leipzig**
**14.00 Brighton - Everton**
**15.40 Southampton - Newcastle**
**17.20 Messan**
**18.50 Leicester - WBA**
**21.00 Spænsku mörkin 2017/2018**
**21.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018**
**21.55 Gary Neville's Soccerbox**
**22.25 Olís-deild kk-Afturelding - Haukar**
**23.55 Seinni bylgjan**

## STÖÐ 3

**17.20 The New Girl**
**17.45 The League**
**18.10 The New Adventures of Old Christine**
**18.35 Modern Family**
**19.00 Seinfeld**
**19.25 Friends**
**19.50 Who Do You Think You Are?**
**20.50 Time After Time**
**21.35 How To Make It in America**
**22.05 The Sopranos**
**22.55 The Vampire Diaries**
**23.40 Sleepy Hollow**
**00.25 Modern Family**
**00.50 Friends**
**01.15 Seinfeld**
**01.40 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Ævintýraferðin**
**07.37 Hvellur keppnisbíll**
**07.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**08.00 Tindur**
**08.11 K3**
**08.24 Mæja býfluga**
**08.33 Stóri og Litli**
**08.46 Nilli Hólmgeirsson**
**09.00 Könnuðurinn Dóra**
**09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**10.00 Áfram Diego, áfram!**
**10.24 Svampur Sveinsson**
**10.49 Lalli**
**10.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**11.00 Strumparnir**
**11.25 Ævintýraferðin**
**11.37 Hvellur keppnisbíll**
**11.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**12.00 Tindur**
**12.11 K3**
**12.24 Mæja býfluga**
**12.33 Stóri og Litli**
**12.46 Nilli Hólmgeirsson**
**13.00 Könnuðurinn Dóra**
**13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**13.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**14.00 Áfram Diego, áfram!**
**14.24 Svampur Sveinsson**
**14.49 Lalli**
**14.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**15.00 Strumparnir**
**15.25 Ævintýraferðin**
**15.37 Hvellur keppnisbíll**
**15.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**16.00 Tindur**
**16.11 K3**
**16.24 Mæja býfluga**
**16.33 Stóri og Litli**
**16.46 Nilli Hólmgeirsson**
**17.00 Könnuðurinn Dóra**
**17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**17.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**18.00 Áfram Diego, áfram!**
**18.24 Svampur Sveinsson**
**18.49 Lalli**
**18.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**19.00 Maddit**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 09.47, 13.47 og 17.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 CIMB Classic**
**12.00 Golfing World 2017**
**12.50 Italian Open**
**17.50 PGA Highlights 2017**
**18.45 Hana Bank Championship**
**22.45 Golfing World 2017**
**23.35 PGA Highlights 2017**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50 Game Change**
**13.50 Miracles From Heaven**
**15.35 Grandma**
**16.55 Game Change**
**18.55 Miracles From Heaven**
**20.40 Grandma** Gamanmynd frá 2015. Þegar Elle er nýhætt með kærustunni kemur barnabarn hennar, Sage, óvænt í heimsókn og biður hana um að lána sér 600 Bandaríkjadali fyrir sóluruppráss, þar sem hún ætli að fara í fóstur-eyðingu. Amma Elle er frekar blönk, og þær verða því að leita allra leiða til að finna peningana, og heimsækja gamla vini, sem á eftir að draga dilk á eftir sér, og óvænt leyndarmál koma í ljós.
**22.00 The Other Guys**
**23.50 The Lobster**
**01.50 Every Secret Thing**
**03.25 The Other Guys**

## RÚV

**16.00 Silfrið**
**17.05 Séra Brown**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Háværa ljónið Urri**
**18.11 Elías**
**18.24 Skógargengið**
**18.35 Undraveröld Gúnda**
**18.46 Gula treyjan**
**18.48 Kóðinn - Saga tölvunnar**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Alþingiskosningar 2017. Kosningamálin**
**20.25 Attenborough. Furðudýr í náttúrunni**
**20.55 Vegir Drottins**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Alþingiskosningar 2017. Forystusætið**
**22.50 The Mosaic Project á Lista-hátíð 2016**
**00.20 Alþingiskosningar 2017. Kosningamálin**
**01.05 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Royal Pains**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 Top Gear**
**14.40 Doubt**
**15.25 The Great Indoors**
**15.50 Crazy Ex-Girlfriend**
**16.35 Everybody Loves Raymond**
**17.00 King of Queens**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.10 The Late Late Show with James Corden**
**19.50 Extra Gear**
**20.15 Top Chef**
**21.00 Blue Bloods**
**21.45 The Good Fight**
**22.30 Happyish**
**23.00 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**23.40 The Late Late Show with James Corden**
**00.20 CSI**
**01.05 Hawaii Five-0**
**01.50 This is Us**
**02.35 Salvation**
**03.20 Baskets**
**03.50 Blue Bloods**
**04.35 The Good Fight**
**05.20 Happyish**
**05.50 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

BÓNUS

# Við óskum Bónus til hamingju með nýju verslunina á Smáratorgi

## - sem er fyrsta Bónusverslunin með umhverfisvænt og orkusparandi kerfi

Green Refrigeration System

GREEN & COOL

$CO_2$Y

Carrier

**Green** & **Cool** er nýtt kerfi sem er fremst á sviði umhverfisvænna kælikerfa og notar eingöngu **íslenskan koltvísýring** sem kæliefni. Auk þess að vera umhverfisvænt er það sjálfbært og öruggt. **Green** & **Cool** notar vélbúnað sem nýtir orkuna mun betur og allir kælar og frystar eru lokaðir með gegnsæum lokum og því helst hitastig jafnar og heldur varan gæðum sínum og útliti mun lengur en ella.

















VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
ARKÍS arkitektar
GÁMAÞJÓNUSTAN HF. BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ
ÍSFROST EHF
Rafmiðlun
VK vörukaup

# Nálgaðist það gamla á nýjan hátt

Hönnuðurinn **Erdem Moralioglu**, maðurinn á bak við ERDEM, er nýjasti hönnuðurinn til að komast í það eftirsótta verkefni að vinna fatalínu með H&M. Innblásturinn kom úr ýmsum áttum við gerð línunnar, meðal annars frá flíkum sem hann klæddist sem barn og ullarpeysur línunnar eru dæmi um það.

Guðný Hrönn
gudnyhronn@365.is



**Það ríkir alltaf mikil spenna þegar þekkt tískuhús fara í samstarf með H&M og senda frá sér línur á tiltölulega viðráðanlegu verði. Í nóvember mun samstarf tískuhúss ERDEM og H&M koma í útvaldar verslanir, þar á meðal H&M í Smáralind, og tískuspekúlantar bíða með eftirvæntingu.**



**Þessi hlýja kápa er í miklu uppáhaldi hjá Ann-Sofie.**

Kanadísk/tyrkneski hönnuðurinn Erdem Moralioglu, maðurinn á bak við ERDEM, er spenntur fyrir samstarfinu við H&M en nú er hann kominn í hóp tískuhúsa og hönnuða á borð við Balmain, Karl Lagerfeld, Stellu McCartney, Kenzo og Lanvin. Spurður út í hvernig honum þyki að feta í fótspor þeirra hönnuða og tískuhúsa sem hafa unnið línur í samstarfi við H&M segir hann: „Það er æðislegt að feta í fótspor þeirra. Listinn yfir hönnuðina er ótrúlegur, það er mér heiður að komast í hóp þeirra.“

Aðspurður hvernig hann myndi lýsa línunni, sem hann hannaði í samstarfi við H&M, segir hann hana vera innblásna af verkum sínum sem hann hefur unnið í gegnum tólf ára tímabil. „ERDEM x H&M-línan snerist m.a. um líta til baka og endurskoða eldri snið og skilja hvernig hægt er að nálgast þau á nýjan hátt. Ég lagði svo áherslu á að þetta væru eigulegar flíkur.“



**Ann-Sofie og Erdem ásamt leikstjóranum Baz Luhrmann (t.h.) sem gerði stuttmynd og auglýsingar fyrir ERDEM x H&M-línuna.**

**Hlakkar til að sjá viðbrögð karla**

ERDEM x H&M hefur að geyma flíkur fyrir bæði karla og konur en þetta er í fyrsta sinn sem ERDEM vinnur línu fyrir karlmenn. „Ég er mjög spenntur að sjá hver viðbrögð karlmanna verða við línunni. Það verður áhugavert að sjá hvernig þeim mun takast að nýta flíkurnar við það sem þeir eiga til í fataskápnum nú þegar,“ útskýrir hann. Spurður út í hvort hann ætli að halda áfram að hanna fyrir karlmenn segir hann: „Ég ætla að sjá hvernig móttökurnar verða áður en ég tek ákvörðun um hvort ég fari að gera karlalínur fyrir ERDEM.“

*En hver er munurinn á að vinna að hátískulínu í samanburði við línu í ódýrari kantinum?* „Það er góð spurning vegna þess að þegar ég féllst á að koma í samstarf með H&M þá vissi ég að ég þyrfti að einbeita mér að því að flíkurnar gætu orðið eins fallegar og mögulegt er. Ég var ákveðinn í að gera sniðin eins glæsileg og hægt er og að nota eins falleg efni og ég kæmist í. Svo er mikil áhersla lögð á öll smáatriði í frágangi,“ segir Erdem.

Það sem vakti athygli blaðamanns er að í línunni eru peysur sem minna óneitanlega á íslenskar ullarpeysur. Spurður út í hvaðan innblásturinn á bak við þær peysur komi segir Erdem innblásturinn koma frá Noregi. „Reyndar eru þær byggðar á norskum peysum. Þetta er mín túlkun á peysunni sem ég klæddist daglega þegar ég gekk í skóla í Kanada, þar sem ég ólst upp. Það var æðislegt fyrir mig að fá tækifæri til að líta til baka, til barnæskunnar, og gera flíkur sem eru innblásnar af fötum sem ég, systir mín og foreldrar klæddumst.“









**Ullarpeysur línunnar minna óneitanlega á íslensku ullarpeysurnar.**

**ÞETTA ER MÍN TÚLKUN Á PEYSUNNI SEM ÉG KLÆDDIST DAGLEGA ÞEGAR ÉG GEKK Í SKÓLA Í KANADA, ÞAR SEM ÉG ÓLST UPP.**

Erdem

**Erfitt að velja uppáhaldsflík**

Ann-Sofie Johansson, listrænn stjórnandi hjá H&M, hefur yfirsýn með öllu samstarfi sem H&M fer í með tískuhúsum. Ann-Sofie er afar ánægð með útkomu samstarfsins við ERDEM. „Þegar við höfðum ákveðið í sameiningu um hvers konar línu yrði að ræða þá fékk Erdem frjálsar hendur í hönnunarferlinu. Svo var það okkar hlutverk að finna leið til að framleiða flíkurnar þannig að þær yrðu á viðráðanlegu verði fyrir viðskiptavini okkar. Eftir það tók við áframhaldandi þróunarvinna,“ segir Ann-Sofie spurð út í vinnuferlið á bak við línuna.

„Línan er öll mjög fjölbreytt. Maður getur auðveldlega notað flíkurnar við bæði hversdagsleg tilefni og líka fín tilefni.“

*Á hún sér uppáhaldsflík úr línunni?* „Það er erfitt að velja bara eina, ég elska alla línuna! Ég er mjög hrifin af dragtinni úr mynsturofnu efni, flíkurnar úr „tweed“-efni og gervipelsinn með hlébarðamynstri, þessar flíkur með skreyttri handtöskunni eru mjög töff saman. Og það er líka gaman að blanda flíkum úr karlmannslínunni saman við aðrar flíkur.“

Ann-Sofie segir viðbrögðin við nýju línunni hafa verið afar jákvæð. „Það er líka dásamlegt að fólk sem þekkir ekki til ERDEM fái að kynnast merkinu vegna þessa samstarfs.“



# RAFMAGNSBORÐ

**Bjóðum upp á rafmagnsborð frá 3 framleiðendum í fjölda stærða og lita.**



## A6
Stakir fætur með tveim mótorum og minnisstýringu. Passa með öllum110 cm til 200 cm löngum plötum.

TILBOÐSVERÐ
**74.900 kr.**

**PRIMA**
**RAFMAGNSBORÐ**
VERÐ FRÁ:
**56.000,-**

**eMODEL**
**RAFMAGNSBORÐ**
VERÐ FRÁ
**129.900,-**

NÝ VEFVERSLUN HIRZLAN.IS
OPIÐ Á LAUGARDÖGUM 12-16

# Hirzlan

*GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR*

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

# TENTO SKÁPAR OG HIRZLUR

1. **MÖPPUHILLA** 80 X 154,5 — **51.900 kr.**
2. **TVÍSKIPTUR SKÁPUR** 80 X 189,5 — **79.900 kr.**
3. **SKÁPUR** 80 X 222,5 — **89.900 kr.**
4. **RENNIHURÐA SKÁPUR** 120 X 82,5 — **72.900 kr.**
5. **FLETTIHURÐA SKÁPUR** 120 X 115,5 — **104.900 kr.**
6. **SKÁPUR** 80 X 115,5 — **58.900 kr.**



MYNDFORM GRAFÍK








**Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvað verður í Núllinu en það er af og frá að þangað mæti lundabúð.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Núllið verður númeri stærra

Gamall menningarstaður karla, karlaklósettið í Bankastræti 0, fær andlitslyftingu því samþykkt hefur verið að innrétta þar sýningarrými. Fyrirmyndin kemur frá konunum hinum megin við götuna.

Það verður ekki lundabúð þarna, ég get lofað þér því," segir Guðfinnur Sölvi Karlsson, betur þekktur sem Finni, skemmtistaðaeigandi og rokkstjarna. Samþykkt hefur verið í borgarráði að innrétta sýningarrými í gömlu karlasnyrtingunni við Bankastræti 0, eða Núllið, eins og það var yfirleitt kallað. Pönksafnið er starfrækt þar sem konurnar gerðu þarfir sínar og nú er komið að því að breyta gamla karlasalerninu. Konurnar höfðu athvarf menntaskólamegin við Bankastræti en karlarnir voru stjórnarráðsmegin.

Snyrtingarnar voru gerðar árin 1930 og 1940 – löngu áður en nútíma loftræsting kom til sögunnar. Þær voru opnar á hverjum degi frá níu að morgni til 23. Hægt var að kaupa smokka þar en þeir voru varla fáanlegir annars staðar í Reykjavík. Afrakstur verjusölunnar rann í vasa starfsmanna sem þar voru og pössuðu upp á að allt færi vel fram þarna niðri.

Finni veit í raun ekki hvað mun koma þarna undir götunni en hann segir að planið sé í raun frekar einfalt. Að gera eins og á kvennaklósettinu þar sem pönksafnið er. „Það hefur ekki tekist hingað til að komast í gegnum borgarkerfið en það tókst núna með breyttum aðstæðum," segir hann.

Skipulagsfulltrúi, gaf leyfi í samráði við hönnuð og Minjastofnun og kostaði leyfið 11 þúsund krónur. „Nú förum við af stað með borginni um hvað verður þarna niðri," segir Finni.

## Gömlu klósettin

- Voru sex talsins
- Þar störfuðu 12 manns
- Kostaði 50 milljónir á ári
- Voru á Hlemmi, Tjarnargötu 11, Grjótagötu 6, undir Miklubraut/-Lönguhlíð og tvö við Bankastræti
- Auk þess er opið klósett í Hallargarðinum á sumrin
- Opnunartími var frá 9-23, nema á Hlemmi. Þar var hægt að gera þarfir sínar frá 08-24



**Finni ætlar að breyta Núllinu til betri vegar.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



# Gríptu tækifærið á Granda

## Verið velkomin

Lyf & heilsa hefur flutt úr JL-húsinu út á Granda. Við fögnum flutningunum með góðum tilboðum og sama langa opnunartímanum.

**10%** afsláttur af lausasölulyfjum

**20%** afsláttur af öllum vörum

Opið fyrir þig

*Mán–fös 8–22*

*Lau–sun 10–22*

*Opnunartilboð gildir til 20. október í Lyfjum & heilsu Fiskislóð 1, Granda.*

Lyf & heilsa Granda

Pipar\TBWA \ SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Tómasar Þórs Þórðarsonar



## Syndaferðir með fagmönnum

Það er stór misskilningur að druslugangan eða „The walk of shame“ sé versta ferðalagið eftir kvöld þegar mennirnir voru hittir. Þetta benda konur þessa lands árlega á með sjálfri Druslugöngunni enda kemur engum við hvað þú varst að gera í gærkvöldi og með hverjum.

Syndaferðin, daginn eftir, er ekki að koma sér heim eftir slíkt kvöld heldur að ná í blessaðan bílinn. Hann hefur staðið einhvers staðar víðs fjarri heimili manns, aleinn og yfirgefinn, og skilur ekkert hvers vegna hann fékk ekki að gista heima um nóttina.

Oftar en ekki er sjálfrennireiðin það langt í burtu að maður nennir ekki að rölta að honum og helst vill maður ekki hringja í einhvern og fá skutl að honum; félaga eða foreldra. Það þurfa ekkert allir að vita um fundinn með mönnunum.

Þegar staðan er svona á sunnudagsmorgni rífur maður oft upp símtólið og hringir á atvinnumenn í akstri, svokallaða leigubílstjóra. Það er náttúrlega toppurinn á skömminni að vera svo illa skipulagður að veislan heldur áfram að kosta eftir að þú vaknar næsta dag.

Ég hef samt alveg lúmskt gaman að þessum ferðum því á þessum tíma er gamli skólinn á vaktinni; heldri menn og reynsluboltar í faginu sem klæða sig upp á áður en þeir fara að skutla syndaselum þvers og kruss um borgina í misjöfnu ástandi eftir nóttina.

Þetta eru menn sem bjóða góðan daginn með virktum og lesa strax hvort þú sért í stuði fyrir samtal eða ekki. Þeir nota ekki GPS-tæki enda gætu þeir ekið um gjörvallt höfuðborgarsvæðið blindandi.

Syndaferðin er aldrei góð en hún er strax betri með svona fagmönnum.








